


Sjálfsmyndin betri eftir fimmtugt

Linda Pétursdóttir segist njóta kynþokkans og hafa jafnvel þorað að sýna meira eftir að hún varð fimmtug enda langi hana að sýna konum að allt sé hægt. ► 18



MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR



Afrek og áföll

Hvers vegna Simone Biles, farsælasta fimleikakona sögunnar, dró sig úr keppni. ► 12



Kepti fyrst tíu ára

Aníta Hauksdóttir segir mótorhjóladeölluna vera í blóðinu. ► 22



Palliettustakur sniðinn eftir vexti

Ásgeir Magnússon, formaður Hinsegin daga, segir eftirsjá að Gleðigöngunni. ► 16

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

Sjáðu öll tilboðin á elko.is



ELKO



Rannsókuð voru hreiður tólf fugla-
tegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Plast í hreiðrum sjófugla útbreitt

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Ný rannsókn Háskóla Hálanda og eyja í Inverness í Skotlandi sýnir mikla plastmengun í hreiðrum á norðanverðu Atlantshafi. Af þeim rúmlega 10 þúsund hreiðrum sem skoðuð voru fannst plast í 12 prósentum þeirra.

Rannsóknin var gerð á fjögurra ára tímabili í Bretlandi, Noregi, Svíþjóð, Færeyjum og á Íslandi. Hér á landi voru skoðuð hreiður á Breiðafirði. Meðal þeirra tegunda sem til skoðunar voru má nefna lunda, kríu, máv og skarf.

Langhæsta hlutfall plastmengunar fannst í hreiðrum eða holum lunda, eða 67 prósent. Hjá öðrum tegundum var hlutfallið undir 30 prósentum. ■



Reykvíkingar eiga von á sólarglætu í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Borgarbúar fá loksins sólardaga

thorgrimur@frettabladid.is

VEÐUR „Þetta er dálítið kaflaskipt veður,“ segir sjálfstætt starfandi veðurfræðingurinn Einar Sveinbjörnsson um horfurnar í ágúst. „Íbúar á höfuðborgarsvæðinu ættu að geta séð einhverja sólardaga á næstu vikum.“

Samkvæmt Einari verður ríkjandi norðaustanátt 9. til 16. ágúst og lægdir fyrir sunnan land. Verður þá hlýtt, sér í lagi á vestur- og suðvesturhluta landsins.

Einar býst við að verði hlýtt og sólríkt norðaustan- og austanlands 16. til 23. ágúst. 23. til 30. ágúst, spár Einar ríkjandi suðvestanátt. ■

Guðni kíktti á Ráðherrabústaðinn



Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra Framsóknarflokksins, segir frelsið vera fram undan en hann hafi þó áhyggjur af skólahaldi í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bækur Ragnars verða að þáttum

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÓNVARP Warner Bros í Þýskalandi hefur samið við Ragnar Jónsson og Bjart/Veröld um útgáfu sjónvarpsþátta sem byggjast á sex bókum Ragnars, það er Siglufjarðarseriunni.

Ragnar segir ekki komið á hreint hvort þættirnir verði á ensku eða þýsku, né heldur hvar Íslendingar muni geta séð þættina þegar þeir verða tilbúnir. „Bækurnar gengu vel í Þýskalandi en vonandi verða þættirnir á ensku til að þeir fari sem víðast,“ segir hann.

Þegar er búið að semja við aðila um framleiðsluna og Ragnar telur að hún geti farið af stað fyrr en síðar. „Warner er risi á þessu sviði og ég treysti þeim fullkomlega,“ segir Ragnar og að hann hlakki til að sjá sögunnar á skjánum. ■

Mjög ósátt við fyrirmæli samskiptastjóra spítalans

Formaður Læknafélags Íslands er ósáttur við fyrirmæli samskiptastjóra Landspítala. Heilbrigðisráðherra vill ekki tjá sig um bréfið.

arib@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands, segir félagið afar ósátt við fyrirmæli deildarstjóra samskiptadeildar Landspítalans til starfsmanna um að svara ekki fjölmiðlum og beina fyrirspurnum til samskiptadeildar.

„Við lítum svo á að það eigi ekki að vera þöggunarmening á Landspítalanum. Þetta vekur sérstakar áhyggjur af því að margir starfsmenn Landspítalans eru líka í tengdum stöðum við Háskóla Íslands, það eru prófessorar, dósentar og lektorar, samhliða því að Landspítalinn hefur skaffað þeim vinnuádstöðu,“ segir Reynir.

„Það er eitt af hlutverkum akademískra starfsmanna að veita almenningi upplýsingar á sínu fræðasviði. Það eru þeir sem vita oft best þegar er um flókin vandamál er að ræða, eins og í Covid-faraldrinum. Það að ætla að miðstýra því af framkvæmdastjórn Landspítalans finnst mér alveg út í hött. Það er áhyggjuefni að spítalinn láti sér detta þetta til hugar.“

Reynir telur að það eigi að vera mat hvers og eins hvort hann svari fjölmiðlum eða ekki. „Við höfum ákveðinn skilning á því að benda megi fólki á að það þurfi ekki að svara sínum eða tala við blaðamann, en það er mat hvers og eins.“

Fram hefur komið að tilgangur fyrirmælanna hafi átt að vera að halda utan um allar fyrirspurnir sem berist spítalanum. Þá hefur Stefán Hrafn hafnað því að tilgangurinn sé að ritskóða það sem starfs-



Einu ljósmyndirnar frá starfsemi Landspítala koma frá honum sjálfum.

MYND/LANDSPÍTALINN



Það er áhyggjuefni að spítalinn láti sér detta þetta til hugar.



Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands.

menn segi. Bréfið hafi ekki verið skrifað að undirlagi neins annars heldur hafi hann verið að bregðast við vafa á meðal starfsmanna sem hafi verið með fjölda ósvaraðra samtala frá fjölmiðlum í lok vinnudags.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir að hún ætli ekki að tjá sig um bréfið, það sé innanhúsmál á Landspítala.

„Ég get hins vegar sagt að við höfum átt mjög gagnlega fundi núna, aðallega í þessari viku og líka síðustu viku, við sérfræðinga frá ýmsum stöðum. Bæði háskólanum, Íslenskri erfðagreiningu og frá Landspítala og heilsugæslunni, um ýmsar hliðar á þessum faraldri og það hefur verið okkur afar dýrmætt í því að glöggva okkur á stöðunni og sjá hana betur. En hvað varðar bréfaskipti innan Landspítalans, þá ætla ég ekki að tjá mig um það.“

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, telur fyrirmælin ekki skynsamleg. „Ég held að það sé ekki skynsamlegt af Landspítalanum að reyna að hafa áhrif á hvernig segja eigi þessa sögu, heldur að sagan sem á sér stað sé myndarleg, falleg og okkur öllum til sóma.“ ■

ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum


Lesieur

iSio 4

4 GRAINES
Omega 3
VITAMINS D&E

**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN**

ORIGINE FRANCE



Gleðilega Hinsegin daga

Listafólkið Anna Maggý Grímsdóttir, Ásgeir Skúlason og Helga Páley Friðþjófsdóttir unnu þrjú prentverk tileinkuð Hinsegin dögum. Með því að kaupa verkin á postprent.is/hinsegindagar styrkir þú réttindabaráttu hinsegin fólks.

Allur ágóði rennur til Samtakanna '78.

Helga Páley Friðþjófsdóttir Velkomin/nn/ð

Stuðst verði við almenn tilmæli fremur er reglur

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Samkomutakmarkanir vegna faraldursins voru ræddar með almennum hætti á ríkisstjórnarfundum í gær.

„Það er fyrst og fremst þol heilbrigðiskerfisins sem myndi liggja til grundvallar einhverjum breytingum,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

„Núverandi takmarkanir gilda til 13. ágúst og við þurfum þegar þar að kemur að hafa skýra sýn á hvað kemur næst,“ segir hún. Að svo stöddu hafi ekki verið rætt hvað taki við eftir þann tíma.

Eftir síðasta ríkisstjórnarfund sem haldinn var á Egilsstöðum sagðist Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra binda vonir við að til framtíðar yrðu slíkar aðgerðir meira í formi tilmæla en reglna.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra tók í sama streng eftir fundinn í gær. „Ég get vel séð fyrir mér að við getum að hluta til stuðst við almenn tilmæli.“ ■

Glíman gæti tekið einhverja mánuði

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 „Við erum alveg örugglega að horfa til þess að þurfa að glíma við Covid-19 enn um sinn. Hvort það verði einhverjir mánuðir eða misseri treysti ég mér ekki til að segja því hafi fyrirsjáanleiki einhvern tíma verið áskorun er það sannarlega þannig í dag,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Aðspurð segir hún ljóst að Covid-19 muni fylgja okkur inn í aðdraganda kosninga sem haldnar verða eftir fimmtíu daga. „Já, ég held það sé alveg á hreinu. Það er ekki þannig að eftir fimmtíu daga verði Covid-19 að baki, því miður.“ ■

Sætanyting aukist og áfangastöðunum fjölgað

ser@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Sætanytingin í milli-landflugvélum Icelandair hefur verið góð miðað við aðstæður það sem af er sumri, að sögn Boga Nils Bogasonar, forstjóra félagsins. „Sérstaklega í ljósi þess að við höfum verið að hefja flug á ný til fjölmargra áfangastaða,“ bendir hann á og bætir við: „Fyrir utan að við höfum mikið til verið að nota stóru 767-vélarnar okkar vegna mikillar spurnar eftir



Þetta verður brekka áfram en til lengri tíma litið erum við bjartsýn.

Bogi Nils Bogarson, forstjóri Icelandair.

fraktflutningum sem á móti hefur neikvæð áhrif á sätanytingu.“

Hann segir sätanytinguna hafa verið í kringum 70 prósent í júlí og kveðst bjartsýnn á að hún eigi eftir að batna enn frekar í ágústmánuði. „Það er mikill ferðavilji til staðar meðal landsmanna og þjóðirnar í kringum okkur farnar að leggja meiri áherslu á bólusetningarhlutföll frekar en fjölda smita.“

Í júlí flaug Icelandair til 29 áfangastaða, 19 í Evrópu og 10 í Bandarík-

unum, en Bogi telur að fleiri áfangastaðir bætist við á næstu vikum og mánuðum. „Við byrjuðum að fljúga til Toronto í Kanada í þessari viku og svo má búast við því að við bætum fleiri borgum við á Bretlandseyjum áður en langt um líður.“

25 vélar eru nú í notkun hjá flugfélaginu, en þær voru flestar 36 áður en farsóttin skall á fyrir hálfu öðru ári. „Það verður brekka áfram en til lengri tíma litið erum við bjartsýn,“ segir Bogi Nils. ■

Fráflæði tryggt og þol spítalans aukið

Ríkisstjórnin fer í bólusetningarátak og margháttaðar aðgerðir til að auka þol heilbrigðiskerfisins með þá von að ekki þurfi að herða aðgerðir innanlands. Enn á ný eru aðgerðir á landamærum hertar.

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Ríkisstjórnin kynnti í gær þrjúætla áætlun um næstu skref í baráttu við kórónaveirufaraldurinn hér á landi. Farið verður í átak í bólusetningum og varnir eflar á landamærum.

Frá 16. ágúst verða bólusettir farþegar með tengsl við Ísland skyldaðir í sýnatöku innan tveggja sólarhringa frá komu til landsins. Auk íslenskra borgara og einstaklinga búsettra hér, er um að ræða fólk með atvinnuleyfi og umsækjendur um atvinnuleyfi eða alþjóðlega vernd. Ekki verður gerð krafa um sóttkví meðan niðurstöðu er beðið og verður sýnataka gjaldfrjál.

Þá kynnti stjórnin aðgerðir til að styrkja heilbrigðiskerfið. „Þetta snýst um að bæta möguleika á að útskrifa fólk af spítalanum, styðja við öldrunarþjónustu og við kragasjúkrahúsin sem hafa þá aftur möguleika á að styðja betur við Landspítalann. Þetta er alllangur listi af ýmsum aðgerðum, bæði innan- og utanhúss,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

Meðal þess sem á að gera er að kalla heilbrigðisstarfsfólk úr sumarleyfum til að bregðast við auknum fjölda innlagna í kjölfar smita. Bakvarðasveitin hefur verið endurvakin auk þess sem sérstök sýnatökusveit verður sett á laggirnar vegna mikils álags á heilsugæsluna sem sinnir sýnatökum. Unnið er að opnun tíu Covid-rýma á höfuðborgarsvæðinu, fjölga á gjörgæslurýmum á Landspítalanum og mögulega koma á



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynntu aðgerðir að loknum fundi ríkisstjórnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR



Það hefur komið í ljós að bólusetningar veita gríðarlega sterka vörn og bólusetningaaðgerðin hefur heppnast frábærlega. Við byggjum á þeim árangri í dag.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

fót sérstakri Covid-einingu á Landspítala sem myndi starfa til lengri tíma. Til að létta á álagi verður liðkað fyrir útskriftum af Landspítala með breytingu á reglugerð um færni- og heilsumat. Einnig munu Heilbrigðisstofnanir Suðurlands og Suðurnesja taka við sjúklingum frá Landspítala frá og með næstu viku. Um þrjátíu rými verður að ræða. Þá mun Heilbrigðisstofnun Vesturlands aðstoða við mönnun fagfólks.

Ríkisstjórnin fundaði lengi í gær en ráðherrar hafa bæði í þessari viku og síðustu hitt fjölbreyttan hóp sérfræðinga til mats á stöðunni í faraldrinum og í heilbrigðiskerfinu. Ráðherrar voru á einu máli um mikilvægi bólusetninga að fundi loknum. „Það hefur komið í ljós að bólusetningar veita gríðarlega sterka vörn og bólusetningaaðgerðin hefur

heppnast frábærlega. Við byggjum á þeim árangri í dag. Við sjáum varla dæmi um bóluset fólk sem veikist og engan í gjörgæslu þannig að faraldurinn er ekki sami faraldur og hjá óbólusettri þjóð. Þannig að við höfum gjörbreytt stöðunni með bólusetningunum,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

Hann lýsir að sama skapi vonbrigðum með hve litið viðbótarálag heilbrigðiskerfið þolir. „Við stöndum frammi fyrir ýmsum áskorunum vegna þess að heilbrigðiskerfið okkar þolir litið viðbótarálag og það er bæði gömul saga og ný. Við þurfum ekki að horfa langt aftur í tímann til að finna aðgerðaáætlanir sem ætlað var að létta álagi af Landspítalanum. Að því leyttinu til er vöð litið nýtt í þeirri umræðu,“ segir hann. ■

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRADASTILLIR

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

6.499.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.662.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ A DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% rafbíl
með 455 km drægi.



Movement that inspires

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarjeppingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.


Kia e-Niro er besti rafbíllinn í sínum flokki, skv. áreiðanleikakönnun J.D. Power. Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro. Opíð í dag frá 12-16.

Kia e-Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 34.735 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir
allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hleðslulausnir



**m.v. 50% innborgun og lán til 84 man. Vaxir 4,40%. Haldargreidda úts. e. 2.940.777 kr. Alltaf hafið bíla í gæði. 4.63%.

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuerfitt til senn kaupandi þor. Kostnað af. Ísland með um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgdi

Fyrirbyggja frekari vatnsvandamál

arnartomas@frettabladid.is

ÁRBORG Íbúar í Árborg gætu orðið varir við truflanir á vatnsveitu tengdar breytingum á aðveitilögnum í sveitarfélaginu. Þó nokkur vandamál hafa komið upp á svæðinu að undanförunu.

„Síðustu tvö til þrjú árin höfum við verið að tengja upp á nýtt í kringum nýju hringtorgin á Selfossi, og þá höfum við þurft að taka heita vatnið við ströndina hjá Eyrarbakka og Stokkseyri,“ segir Sigurður Þór Halldórsson, veitustjóri Selfossveitna um aðgerðirnar. „Nýja hringtorgið við Vikurheiði er þó síðasta hringtorgið í bili.“

Sigurður bendir á að af og til komi upp lekar í lögnunum. „Þetta ætti ekki að gerast oft en kannski einu sinni til tvisvar á ári út af eðlilegum ástæðum,“ segir hann. „Það er reyndar þannig að bilanir koma oft upp í kerfum sem eru komin til ára sinna. Þá þarf auðvitað endur-

”

Það er reyndar þannig að bilanir koma oft upp í kerfum sem eru komin til ára sinna.

Sigurður Þór Halldórsson, veitustjóri Selfossveitna.

nýjunarplan og það tekur tíma.“

Sigurður segir að nú sé unnið í að byggja nýja dælustöð sem muni veita aukinn þrýsting til strandarinnar og fyrirbyggja frekari vandamál í framtíðinni, til að mynda við fyrirhugaða aukna uppbyggingu á Eyrarbakka og Stokkseyri. ■



Gámaflutningaskipið Selfoss við Kleppsbyggju í Sundahöfn í Reykjavík í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS ORRI

Skipverjum á Selfossi ekki hleypt í land í heimahöfn

Reglur vegna Covid-19 gera að verkum að áhöfn flutningaskipsins Selfoss var ekki hleypt í land í Reykjavík eftir sextán daga túr til Norður-Ameríku. Hún fær fyrst að stíga frá borði á þriðjudag að afloknum lokahnykk túrsins umhverfis landið.

gar@frettabladid.is

COVID-19 „Eðlilega eru menn ekki sáttir en fyrirtækið er í fullum rétti til að gera þetta og það er bara eðlilegt að einhverjum mislíki það,“ segir Árni Sverrisson, framkvæmdastjóri Félags skipstjórnarmanna, vegna áhafnar flutningaskipsins Selfoss sem ekki fékk að stíga á land í Reykjavík eftir siglingu til Norður-Ameríku.

Selfoss lagði að bryggju í Sundahöfn á fimmtudagsmorgun eftir sextán daga siglingu. Skipið fór úr höfn síðdegis í gær í ferð umhverfis landið áður en þriggja vikna túr áhafnarinnar lýkur endanlega í Reykjavík á þriðjudaginn. Þá fá skipverjar fyrst að stíga frá borði. Ástæðan er reglur vegna heimsfaraldursins.

Finnst sumum súrt í broti að vera við landfestar í Reykjavík án þess að fá að hitta ástvíni sína í borginni.

„Ég var búinn að heyra af því að

”

Við viljum ekki að þeir fari heim til fjölskyldunnar og næli sér í eitthvað þar og komi svo með það um borð í skipið.



Edda Rut Björnsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og samskiptasviðs Eimskips.

það væru einhverjir um borð í Selfossi sem væru ósáttir við þetta. Menn eru vanir því að fá að fara heim og svo allt í einu er það bara bannað en stjórnendur fyrirtækisins gera þetta ekki bara að gamni sínu,“ segir Árni Sverrisson.

Að sögn Árna hafa verið í gildi verklagsreglur í flotanum hér eins og um allan heim til að hindra útbreiðslu Covid.

Árni nefnir sem dæmi áhafnir

fiskiskipa sem séu um borð í þrjú vikur án þess að fara frá borði þegar afla er landað milli veiðiferða. Alíka reglur hafi verið á fragtskipum áður en byrjað hafi verið að slaka á þeim og heimila mönnum að fara í land.

„Svo skellur þessi bylgja á að nýju og Eimskip setur reglurnar á aftur. Langflestir sýna þessu skilning þótt þeir séu ekkert ánægðir,“ segir Árni sem kveðst telja eðlilegt að mönnum sé umbunað fyrir að vera beygðir undir þessar reglur.

Edda Rut Björnsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og samskiptasviðs Eimskips, segir félagið vissulega með strangar reglur vegna Covid. Menn þurfi að vera prófaðir áður en þeir koma um borð og leitast sé við að senda viðgerðaraðila og annan mannskap sem þarf að koma um borð í hraðpróf.

„Við viljum ekki að þeir fari heim til fjölskyldunnar og næli sér í eitthvað þar og komi svo með það um borð í skipið. Þetta snýr náttúrliga allt að öryggi áhafnanna og við viljum ekki að áhafnar meðlimir verði veikir úti á hafi,“ segir Edda.

Aðspurð kveðst Edda ekki vita hvort áhafnirnar séu ósáttar.

„Þetta eru náttúrliga strangar reglur og auðvitað kemur eflaust þreyta í fólk eins og hjá öllum öðrum,“ segir Edda Rut Björnsdóttir. ■

Aðalfundur

Þörungaverksmiðjunnar hf.
verður haldinn föstudaginn 20. ágúst 2021
kl. 13.00 á skrifstofu félagsins,
Karlsey, 380 Reykhólum.

Dagskrá:

Aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins.



ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN HF.
THORVERK HF.

thorverk.is



Akkur

Styrktar- og menningarsjóður VM

Sjóðurinn veitir tvenns konar styrki

■ Til rannsóknarverkefna sem tengjast vinnuumhverfi eða aðbúnaði félagsmanna VM og þróun námsfemis og kennsluáðferða til menntunar þeirra.

■ Til ýmiss konar brautryðjenda- og þróunarstarfs sem hefur samfélagslegt gildi, menningarstarfsemi eða listsköpunar.

■ Einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknar- og menntastofnanir geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Umsóknir berist Akki, Styrktar- og menningarsjóði VM,
eigi síðar en 3. september 2021.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VM,
www.vm.is, þar sem nálgast má umsóknareyðublöð
og nánari upplýsingar.



VM Félag vélstjóra og málmtækimanna

Stórhöfða 29 - 110 Reykjavík - 575 9800

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Tvítugur ökuniðingur verður áfram í gæsluvarðhaldi vegna ofsaksturs

benediktboas@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Tvítugur karlmaður sem olli stórhættu með ofs- og glæfraakstri sínum um borgina í byrjun júlí verður áfram í gæsluvarðhaldi til 27. ágúst. Maðurinn ók ítrekað yfir á rauðu ljósi, á 100 kílómetra hraða um Sæbraut og straukst við vegfaranda á Hringbraut svo fátt eitt sé nefnt.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur um eftirförlina kemur fram að ökuniðingurinn hafi gefið í við Borgartún þegar lögreglan bað hann að nema staðar. Höfst þá eftirför þar sem mikil hætta skapaðist og óttaðist lögregla um öryggi borgaranna meðan á eftirförlinni stóð. Var sjúkralið kallað út í átt að miðborginni enda hættan mikil.

Ökuniðingurinn fór sem fyrr segir um miðborgina, yfir á rauðu ljósi, á móti einstefnu og ók á öflug-



Öumaðurinn stöðvaði loks hættuför sína á Sæbrautinni þar sem hann var handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

um vegarhelmingi. Við Geirsgötu mætti hann alls tólf bifreiðum og þar á meðal vörubifreið.

„Með þessu skapaðist mikil almannahætta og þurftu ökumenn nokkurra bifreiða að forða sér frá bifreiðinni,“ segir í úrskurðinum. Á Sæbraut við Snorrabraut var lögregluhöfn tilbúin að setja út aðra naglamottu til að stöðva akstur bifreiðarinnar. Lögreglan áætlað að

ökuniðingurinn hafi orðið þess var því hann tók vinstri u-beygju yfir umferðareyju og ók Sæbraut í vestur en stöðvaði loks ofsaksturinn og var handtekinn.

Við handtökuna stöðvaði lögreglumaður á vélhjólum við öku-mannshurðina. Í einu handtaki greip hann um brjóstkassa mannsins, dró hann yfir hjólið og lagði í jörðina. Fleiri lögreglumenn komu á vettvang og aðstoðuðu við að koma mannum í handjárn.

Maðurinn var sjáanlega í annarlegu ástandi. Hjúkrunarfræðingur dró úr honum blóð þrátt fyrir mót-báru.

Að því loknu var hann vistaður í fangageymslu þar sem hann mun dýsa til 27. ágúst hið minnsta.

Lögreglan hefur til meðferðar fimm önnur mál gagnvart mannum sem öll átta sér stað á tíu daga tímabili og tvö önnur opin mál. ■

ÚTSALA

20-50%

afsláttur
af völdum
vörum

Fullt hús ævintýra

ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / Síðan 1916 / 580-8500 / www.ellingsen.is



Sólveig Auður Bergmann, íbúi í Garðabæ. MYND/ADSEND

Standa ekki við loforð um pláss

svavamarin@frettabladid.is

GARÐABÆR Foreldrum í Garðabæ er sagt að börnum sem eru fædd árið 2020 verði úthlutað leikskólapláss í haust. Sólveig Auður Bergmann, móðir ellefu mánaða drengs, biður þó enn svara og segist ekki hafa fengið nein skýr svör um hvenær sonur hennar kemst að. Hún segist hafa óskað ítrekað eftir upplýsingum um stöðu mála frá Garðabæ en fær þau svör að þetta muni reddast.

Í svari Huldu Hauksdóttur, upplýsingafulltrúa Garðabæjar, við fyrirspurn um stöðu leikskólamála bæjarins segir hún að Garðabær leggi metnað í að bjóða börnum frá eins árs aldri kost á leikskóladvöl frá 1. september ár hvert.

„Nú þegar er búið að bjóða öllum börnum fæddum í ágúst 2020 og eldri pláss. Fyrirhugað er að bjóða börnum fæddum frá september 2020 pláss á leikskólanum Mánahvoli með haustinu þegar skólinn verður tekinn til starfa,“ staðfestir Hulda.

„Það er allt í lausu lofti og engin svör að fá,“ segir Sólveig. „Fólk hefur verið að flytja í Garðabæ til að tryggja sér leikskólapláss.“ Hún telur að þessi hraða uppbygging íbúða í bænum hafi orsakað þá stöðu sem upp sé komin. Eftirspurn eftir leikskólapláss vaxi hraðar en uppbygging þeirra.

Sólveig segist hafa fengið þau skilaboð frá bænum að hún ætti að vera ánægð þar sem staðan væri mun verri í öðrum sveitarfélögum. „Ef fólk er ósátt geti það skrifað bæjarstjóranum bréf,“ segir hún. ■

Barcelona mátti ekki semja við Messi

Skuldastaða Barcelona er svo gífurleg að félagið fékk ekki leyfi til að skrá nýjan samning Lionel Messi. Hann var sagður tilbúinn að fá tveggja ára laun greidd á fimm árum en deildin sagði nei og gerði Messi að yfirgefa félagið.

benediktboas@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR „Tölurnar eru mun verri en þær tölur sem voru kynntar fyrir okkur upphaflega. Tapið er mun meira en talið var,“ sagði Joan Laporta, forseti Barcelona, á blaðamannafundi í gær þegar staðfest var að spænska deildin hefði ekki leyft félaginu að semja við einn besta knattspyrnumann allra tíma, Lionel Messi.

Skuldir Barcelona hafa verið mikið í fréttum allt árið og voru taldar af flestum fjölmiðlum um 1,1 milljarður evra eða 164 milljarðar. Orðrómur um að skuldirnar væru meiri var þó hávær.

Laporta staðfesti að eyðslan hefði verið meiri en ný stjórn hélt og ofursamningar við leikmenn gerðu það að verkum að félagið var í raun undir. Þótt leikmaðurinn Messi sé í raun andlit félagsins valdi forsetinn að taka félagið frekar en leikmanninn. „Ég gat ekki tekið ákvörðun sem myndi eyðileggja félagið. Barcelona er það mikilvægasta,“ sagði Laporta.

Hann bætti við að Messi hefði viljað vera áfram en það hafi verið hreinlega ómögulegt. Forsetinn sagði að launakostnaður Barcelona væri 110 prósent af innkomu félagsins en yrði nú 95 prósent. Spænska deildin vill að tölurnar séu í kringum 70 prósent. „Við þurfum að fara eftir reglum La Liga um fjármál, þar fáum við ekkert svigrúm,“ sagði Laporta. Hann bjóst við að tapið í ár yrði nálægt 400 milljónum evra eða um 60 milljarðar króna.

Í júní kom fram að deildin gæti stöðvað Barcelona í að semja við Messi vegna skulda. Javier Tebas, forseti spænsku deildarkeppninnar, benti á að af þeim sjö hundruð milljónum evra sem félög í efstu



Lionel Messi hjá Barcelona

778 leikir	672 mörk
34 titlar	6 Ballon d'Or

deild spænska boltans töpuðu á síðasta ári mátti rekja helming þess til Barcelona.

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri í greiningardeild Íslandsbanka sem hefur rannsakað fjármál knattspyrnufélaga, sagði svo í júlí að félaginu hefði ekki tekist að endurfjármagna skuldir sínar og líklegt að lánardrottinn hafi ekki haft trú á langtímaáætlunum félagsins. Fyrir vikið hafi félagið þurft að fara í að skera niður leikmannahópin og lækka laun.



Messi mun ekki klæðast treyju Barcelona aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Spænskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Messi skildi hvorki upp né niður í þessari niðurstöðu og væri í raun í áfalli yfir að þurfa að spila annars staðar en hjá Barcelona.

Töluverður fjöldi mótmælenda var mættur fyrir utan leikvöllinn í Barcelona til að mótmæla ákvörðun deildarinnar og forseta hennar, Javier Tebas, um að hafna samningnum sem Barcelona bauð Messi.

FRÉTTA
BLAÐIÐ/GETTY

Þangað kom hann sem þrettán ára gutti, vann 34 titla með félaginu og var valinn sex sinnum besti leikmaður heims undir merkjum félagsins.

Síðasti samningur Messi lak á netið og þá kom í ljós að hann þénaði 550 milljónir evra á fjórum árum, eða 82 milljarða króna. Bara launakostnaður hans nam 15 prósentum af heildartekjum félagsins. Launahæstu leikmenn annarra stórliða eins og FC Bayern, Man. Utd eða Man. City eru með um 2-3 prósent af heildartekjum liðanna.

„Það kom að þeim tímamarki að við þurfum að horfa á tölurnar og segja að þetta myndi ekki ganga upp,“ sagði Laporta nánast með tærin í augunum. „Það verður að fara eftir reglum La Liga. Ég er sorgmæddur en sannfærður um að við höfum gert það sem er best fyrir Barcelona,“ sagði forsetinn og þakkadði fyrir sig með orðunum. „Barcelona er 122 ára gamalt félag og við höfum komist í gegnum erfiða tíma. Ég er viss um að það er velgengni fram undan þó að Messi sé farinn.“ Fáir taka undir þau orð. ■

Styrkir frá NATA

Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu í samstarfi landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til nýsköpunar- og vörubrúnaarverkefna
- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til þekkingarheimsóknna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðar-áætlunar.

Stjórn NATA mun árið 2021 líta sérstaklega til umsókna þar sem áhersla er á endurræsingu ferðaþjónustunnar eftir Covid-19, sjálfbærni og stafræna væðingu í ferðaþjónustu.

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum á ensku og dönsku er að finna á vef NATA www.nata.is. Frekari upplýsingar veitir Erla Weihe Johannesen hjá NATA – nata@vinnufrafi.is

Lokafrestur til að skila umsókn er 30. ágúst 2021.

Niðurstaða stjórnar NATA mun liggja fyrir 15. október 2021.

Athugið að verkefni með áætluð verklok fyrir 15. október 2021 teljast ekki styrkhæf.

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirki í samstarfi aðila er sína ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlega hagsmuna að gæta.

NATA
North Atlantic Tourism Association



Slökkviliðsmaður að störfum á eyjunni Evia.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þúsundir þurfa að flýja heimili sín í Grikklandi vegna mikilla gróðurelda

thorvaldur@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Grikkland glímur nú við eina verstu hitabylgju sem komið hefur í landinu í þrjátíu ár en hiti hefur víða farið yfir 40 gráður undanfarna viku. Ein sjáanlegasta afleiðing hitabylgjunnar eru gífurlegir gróðureldar sem hafa sprottið upp víða um landið, brennt fjölmörg hús og drepit fjölda dýra.

Þúsundir hafa þurft að flýja heimili sín í Aþenu vegna elda sem geisad hafa í útjæðri borgarinnar í fjóra daga. Eldarnir kviknuðu á þriðjudag og brunnu í kringum þjóðveginn sem tengir höfuðborgina við Norður-Grikkland. Hundruð slökkviliðsmanna hafa reynt að ráða niðurlögum eldsins og hafa ýmis lönd á borð við Ísrael, Frakkland og

Svíþjóð sent liðsauka til Grikklands til að aðstoða við slökkvistörf.

Íslendingur sem er búsettur í Grikklandi segir yfirvöld hafa varað fólk við því að rafmagnsbilanir á meginlandinu vegna eldanna gætu haft áhrif í Eyjahafi vegna þess að rafmagn er leitt með sæstreng til fjölmargra eyja.

„Það eru viðvaranir í gildi og fólk beðið um að nota ekki of mikið rafmagn, sem það hefur verið beðið um núna í nokkrar vikur út af hitabylgjunni,“ segir Eyþór Kamban Þrastarson sem er búsettur í Aþenu en dvelur um þessar mundir á eyjunni Tinos í Eyjahafi ásamt unnustu sinni og vinafólki. ■

Nánar á frettabladid.is



e-tron 50

Keyrðu inn í sumarið

Tilboðsverð frá

8.690.000 kr.

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflagjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með allt að 341 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrymi að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar. Fjór hjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á undir sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

e-tron 50 kemur einkar vel út búinn og er staðalbúnaður í Basic meðal annars íslenskt leiðsögukerfi, stillanleg loftpúðafjöðrun, rafmagnsopnun og lokun á afturhlera, fjarhitun, undirbúningur fyrir dráttarbeiðli, 19" álfelgur og Audi hljómkkerfi með 10 hátölurum.



Veldu uppáhaldsbílinn og taktu hann frá á www.hekla.is/audisalur

Fylgdu okkur!



@audi

www.audi.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Vísindin þagna



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Furðulegustu og mjög líklega óheppi-
legustu tilmæli sem sett hafa verið
fram á tímum kórónaveirunnar hér á
landi voru send út frá samskiptasviði
Landspítalans á fimmtudag, þess efnis
að helstu stjórnendur hans hætti að svara sím-
hringingum frá íslenskum fjölmiðlum.

Samskiptastjóri þessarar mikilvægustu heil-
brigðisstofnunar Íslands vill taka ómakið af best
menntuðu starfsmönnum hennar og svara sjálfur
fyrirspurnum fjölmiðla, en í staðinn eigi lækna-
r, hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfs-
fólk á Landspítalanum að taka hvíldina fram
yfir upplýsingagjöfina, því „þessir skrattakollar
hringja 24/7,“ eins og segir í tölvupóstinum.

Og sovéskari verða skilaboðin nú varla, það
megi heita „ágætis regla að svara bara alls ekki
beinum símtölum fjölmiðla,“ skrifar yfirmaður
upplýsingamála hjá einni æðstu ríkisstofnun
landsmanna.

Þessir alvarlegu og einbeittu þöggunartil-
burðir eru líklega það síðasta sem þjóðin þurfti á
að halda, því sjaldan eða aldrei hefur þekking og
viska vísindanna verið henni mikilvægari.

Vitið hefur verið einn helsti sigurvegari þjóð-
málaumræðunnar frá því veiran skaut hér upp
kollinum á útmánudum síðasta árs. Yfirveguð
og fræðandi framsetning okkar færasta vísinda-
fólks á því sem vitað er um veiruna – og bjargir
gegn henni – hefur skipt sköpum í upplýsingu
þjóðarinnar á þessum erfiða tíma. Og þar hafa
fjölmiðlar og ritstjórnir þeirra gegnt lykilhut-
verki í að miðla þeim meginatriðum sem lands-
menn hafa þurft á að halda til að takast á við
pestina af ábyrgð og skynsemi.

Blessunarlega hefur breiðfylking íslensks
heilbrigðisstarfsfólks verið fjölmiðlum einstak-
lega hjálpleg og samvinnufús í baráttunni við
farsóttina. Hún hefur verið vakin og sofin við
að miðla vitneskju sinni til ritstjórna – og hvergi
dregið þar af sér. Þetta er enda stétt manna sem
veit að vitið virkar. ■



Þessir
alvarlegu
og ein-
beittu
þöggunar-
tilburðir
eru líklega
það síðasta
sem þjóðin
þurfti á að
halda.

Fögnum fjölbreytileikanum

Okkur ber að fagna fjölbreytileikanum nú um
helgina, enda er merking hennar mikilvæg.
Það á að vera rúm fyrir alls konar fólk í sam-
félaginu, manneskjur af öllum kynjum sem
þrá og vilja vera þær sjálfar.

En hún á líka að vera okkur áminning um
alla þá mannréttindabaráttu sem hefur fært
okkur sem þjóð frá einsleitu afturhaldi og
útskúfun til frjálslyndari tíma þegar stækir
fordómar hafa vikið fyrir hleypidómaleysi. ■

Gunnar



Mín skoðun

Mýtan um gullfiskaminni



Sif
Sigmarsdóttir

Brýn þörf er á að við ræðum aðeins um
gullfiskaminni. Þörfin stafar þó ekki af yfir-
vofandi kosningum, gleymsku kjósenda eða
fögnum fyrirheitum framþjóðenda sem verða
oft að engu við þingsetningu. Ástæðan er
þvert á móti bókstafleg: Gullfiskar eru ekki
með gullfiskaminni.

Þótt vísindin hafi fyrir löngu afsannað þá
kenningu að gullfiskar muni ekkert stundinni
lengur er mýtan lifseig. „Þetta er ótrúlegt,“
sagði Culum Brown, prófessor í líffræði við
Macquarie-háskóla í Ástralíu, í nýlegu viðtali.
„Sama hvar í heiminum maður drepur niður
fæti kveður við sama tón. Sums staðar talar
fólk um tvær sekúndur, annars staðar tíu – en
minnið er alltaf sagt stutt.“

En hvers vegna er sögusögnin um gullfiska-
minnið svona þrálát?

Á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag mátti
lesa frétt um fiska. Óvenjumikil afföll hafa
verið af laxi í sjókvíum héraðs þess sem af
er ári, nánar tiltekið 3.478 tonn. Við fyrstu sýn
virtist vera um hefðbundna viðskiptafrétt að
ræða. Við nánari athugun kom hins vegar í
ljós að fréttin fjallaði í raun um grimmligan
hroka mannkynsins.

Velferð fiska

Í sama blaði var aðsend grein eftir Jón Kaldal,
talsmann Íslenska náttúruverndarsjóðsins.
„Frá janúar til júní drápu rúmlega 1,3 millj-
ónir eldislaxa,“ skrifar Jón sem segir sjókvía-
eldi á laxi óboðlega aðferð við matvælafram-
leiðslu, iðnað sem „beinlínis gerir ráð fyrir því
í rekstraráætlunum sínum að um 20 prósent
eldisdýranna drepist í sjókvíunum vegna þess
að þau þola ekki aðbúnaðinn þar.“ Jón segir
skelfilegan dauðann þó ekki það eina sem
plagi iðnaðinn. „Um helmingur eldislaxanna
í sjókvíunum er ýmist vanskapaður, nær ekki
fullum þroska vegna streitu eða er heyrnar-
laus. Dýravelferðarvandi sjókvíaeldisidnaðar-
ins er afslíkuð skala að ræktendur spendýra
kæmust aldrei upp með álíka starfshætti.“

Fiskar njóta ekki sömu samúðar og önnur
dýr. Velferð þeirra er ekki sérlega mörgum
hugleikin. Culum Brown heldur því fram að
ástæðan sé sú að „stór gjá sé á milli hugmynda
fólks um gáfnafar fiska og vísindalegra stað-
reynda.“ Brown hefur helgað sig rannsóknum
á hegðun fiska. Hann segir fiska mun gáfaðri
en talið hefur verið. Þeir eiga sér minningar,
búa í flóknum samfélögum þar sem þeir
mynda tengsl við aðra fiska og læra hver af
öðrum. Þeir eiga sér hefðir, nota áhöld og þeir
geta lært að þekkja spegilmynd sína.

Brown telur samvisku gullfiskaeigenda
halda lífinu í þjóðsögninni um slæmt minni
gullfiska. „Hún lætur okkur liða betur yfir
því að loka gullfiskinn inni í litlu búi,“ segir
Brown. „Hún segir líklega meira um okkur en
fiskana.“

En hvað segir mýtan um gullfiskaminnið
um okkur?

Uppgerðar fávíska

Brown telur mikilvægt að sú vitneskja um
gáfur og tilfinningalíf fiska sem við búum yfir
spyrjst út þar sem hugmyndir almennings
hafi áhrif á stefnu stjórnvalda. Hugmyndir
okkar um gáfnafar dýra ákvarði hvort við
ákveðum að halda siðferðilegum hlífiskildi
yfir þeim eða ekki.

Önnur lifseig mýta sem Brown hrekur í
rannsóknum sínum er sú að fiskar finni ekki
til sársauka en hann segir fiska finna til alveg
eins og mannfólk.

Ástæða þess að við vitum ekki að gullfiskar
hafa minni og finna til er sú að við viljum
ekki vita það. Það hentar okkur að halda í þá
blekkingu að mannkynið sé öðrum dýra-
tegundum fremra. Gætum við liðið það að
fiskeldisfyrirtæki afgreiddi afdrif milljóna
fiska sem „afföll“ og „tonn“ ef sársauki þeirra
væri almennt viðurkenndur?

Við réttlætum grimmd okkar með því að
gera okkur upp fávísku. Þess vegna þurfum
við að eiga samtal um gullfiskaminni. ■



Í litlum skóla
er gott að vera

Opið fyrir umsóknir í 1.-5. bekk



Fjaran í
Fossvoginum
er falin
náttúruperla
og fjársjóðskista
yngsta stigsins

Ræktum það besta í börnunum okkar | S. 568 7870 | sudurhlidarskoli.is



Við rétt-
lætum
grimmd
okkar með
því að gera
okkur upp
fávísku.



KRONAN



Mmm ... Nóg af narti í sumar!



ÞVEIKJUM A SUMRINU

Ódýrt



First Price örbylgjupopp
169 kr. pk.



First Price rúsínur
199 kr. pk.



First Price pistasíuhnetur
629 kr. pk.



First Price salthnetur
181 kr. pk.



First Price kakómalt
399 kr. pk.



First Price súkkulaðíkex
319 kr. pk.



First Price súkkulaði hafrakex
299 kr. pk.

Ódýrt



First Price hrískökur
89 kr. pk.



First Price íste ferskju
149 kr. pk.



First Price kakóduft
339 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Afrek Simone Biles eru meira en gulls ígildi

Það var án efa ein stærsta stund Ólympíuleikanna í ár þegar sigursælasta fimleikakona frá upphafi, Simone Biles, ákvað að hætta keppni eftir eitt stökk í liðakeppni kvenna.

mhj@frettabladid.is

Biles er sögð hafa verið í ótrúlegu líkamlegu formi á leikunum og átt frábæra lokaæfingu. Það sem angradi hana var ekki líkamlegt og ekki endilega sýnilegt, þótt margir hefðu átt að sjá það, en alveg jafn mikilvægt og líkamlegt form hennar.

Við upphaf leikanna sýndi Biles strax af hverju hún ber höfuð og herðar yfir aðra keppendur enda í fyrsta sæti í fjölþraut eftir undankeppnina án þess að eiga sinn besta dag. Eins komst hún í úrslit á einstökum áhöldum á gólfi, stökki, tvíslá og slá. Engin fimleikakona hefur unnið jafnmarga heimsmeistararitla og Biles sem situr á 19 gullverðlaunum af heimsmeistaratótum í áhaldafimleikum kvenna. Við það bætast svo fjögur Ólympíugull, eitt silfur og tvö brons.

Tveimur dögum eftir undankeppni kom að liðakeppni kvenna í fyrstu úrslitunum á Ólympíuleikunum í áhaldafimleikum. Rússland og Bandaríkin voru í sama hópi og keppendur beggja þjóða byrjuðu saman á stökki, en á því áhaldi kemst enginn með tærnar þar sem Biles hefur hælana.

Það var hins vegar snemma ljóst að Biles var ekki með sjálfri sér enda skráði hún sig í léttari stökk en hún er vön. Þegar hún ætlaði síðan að framkvæma stökkið í upphitun hætti hún við í miðju lofti og lenti illa. Samkvæmt Hlín Bjarnadóttur, alþjóðlegum fimleikadómara í salnum, spurðu þjálfarar hennar hvort það væri ekki allt í lagi. Biles svaraði þeim og sagði „jú, jú“.

Valdi einfaldara stökk

Biles ætlaði að keppa með stökk sem heitir Amanar og er svokallað Yurchenko-stökk. Það er araba-stökk inn á stökkbrettið og afturábak flikk inn á stökkhestinn, og svo er farið af höndunum af stökkhestinum í 1,5 heljarstökk með beinum líkama með tveimur og hálfri skrúfu. Amanar gildir 0,2 stigum lægra en stökkið sem Biles gerir vanalega, það stökk kallast Cheng og er sambærilegt nema hún snýr sér í hálfá skrúfu í flikkinu af stökkbrettinu og snýr þar af leiðandi bakinu fram af hestinum til að gera framheljarstökk með beinum líkama og einni og hálfri skrúfu af.

Ef þetta hljómar flókið er það ágætt enda fáir sem skilja, enn færri sem geta en allt í einu hafa óskaplega margir skoðun á ákvörðun Biles.

Biles reyndi við Amanar-stökkið í upphitun en opnaði heilli skrúfu ofsnemma og lenti illa. Hún reyndi aftur við það í keppni og niðurstaðan var sú sama og þökkuðu allir fyrir að hún hefði ekki slasast. Biles yfirgaf keppnishöllina um stund og tilkynnti síðan liðsfélögum sínum að hún ætlaði ekki að halda áfram keppni. Samfélagsmiðlar fóru á flug. Biles hafði sjálf reynt að segja heiminum að hún væri komin að brúninni. En enginn hlustaði.

Tekin af æskuheimilinu

Simone Biles fæddist í Columbus, Ohio, árið 1997. Móðir hennar, Shannon Biles, var einstæð móðir í mikilli neyslu og að lokum tóku barnaverndaryfirvöld börnin af henni en Simone á tvö eldri systkini; Ashley og Tevin og eina yngri systur, Adriu.



Simone Biles í upphitun fyrir einu úrslitin sem hún keppti í á yfirstandandi Ólympíuleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Ron, Nellie og Adria Biles að horfa á Simone keppa á Ólympíuleikunum í Ríó 2016.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Biles á stökkinu í liðakeppninni. Skömmu síðar opnar hún út of snemma og lendir illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Við vorum samt heppin að við systkinin fengum að vera saman. Því oft er systkinum sundrað og þú flakkar á milli heimila,“ sagði Biles í nýlegu viðtali við Facebook Watch. „Ég man eftir því að hlaupa á næturnar inn í herbergi Tevins og sofa í rúminu hans. Því ég var svo hrædd um að hann væri farinn þegar ég vaknaði,“ bætti hún við.

Ein af fáum æskuminningum Biles er að ekki var til matur á heimilinu. „Ég man bara eftir því að ég var svo svöng á meðan ég horfði á móður mína gefa flækingsketti að borða og hugsaði með mér: Hvar er matur fyrir mig?“ segir Simone í heimildarmyndinni Hver er ég?

Þegar börnin voru tekin af Shannon ættleiddi Ron Biles, faðir Shannon, og eiginkona hans, Nellie Biles, Simone og systur hennar, Adriu. Þau ætluðu sér upphaflega að ættleida öll fjögur systkinin en það reyndist erfitt. Þau hjón bjuggu í efri-stéttar hverfi í Houston í Texas og átta tvo eldri straka. Simone talar alltaf um þau sem einu foreldrana sem hún hafi átt og kallar þau mömmu og pabba. Systir Ron, Harriet Biles, ættleiddi svo eldri systkini Simone, Tevin og Ashley.

„Ég veit ekki hvar ég væri ef ég hefði ekki verið ættleidd,“ sagði Simone í viðtali skömmu fyrir

Ólympíuleikana. „Ég væri vissulega ennþá Simone Biles en heimurinn myndi ekki vita hver ég væri. Ég fékk klárlega annað tækifæri í lífinu.“

Upplifði sig ekki óvenju góða

Í fyrsta bekk grunnskóla fór Simone í skólaheimsókn í fimleikafélag í Houston. Á meðan hún lék sér í salnum dáðust þjálfarar strax að einstökum hæfileikum hennar. Hún virtist alltaf vita hvar hún væri í loftinu á meðan hún stökk um salinn. Hæfileiki sem er alls ekki sjálfgefinn og hvað þá við sex ára aldur. Í fimleikaheiminum kallast það „air awareness“ og er sá hæfileiki sem Biles missti þegar andlega álagið varð henni um of.

Biles var í framhaldi boðið að æfa fimleika hjá félaginu og fór hratt í gegnum yngri flokkana. Sjálf segist hún ekki hafa upplifað sig sem óvenjulega góða fimleikakonu heldur bara sem barn í fimleikum. Sextán ára gömul vann hún fjölþrautina á bandaríska meistaramótinu. Hún fylgdi því eftir sama ár með því að taka gull á gólfi og fjölþraut á heimsmeistarátönum. Árið eftir varð hún heimsmeistari í liðakeppni, fjölþraut, á jafnvægis-slánni og á gólfi og stærsta stjarnan á Ólympíuleikunum í Ríó 2016.

Brot Nasser stórt áfall

Skömmu síðar var greint var frá því að Larry Nasser, læknir kvendandsliðs Bandaríkjanna til 18 ára, hefði verið handtekinn fyrir gróf kynferðisbrot gagnvart landsliðskonum. Upphaflega var Biles ekki talin meðal fórnarlamba Nassers en á endanum brotnaði hún niður. „Þegar þú áttar þig á því að þetta hefur komið fyrir þig líka er það svo vont og ég grét óstjórnlega,“ sagði Biles.

Í ljós kom að Bandaríska fimleika- og Ólympíusambandið hafði vitað af brotum Nassers en ekkert gert til að stöðva þau árum saman. Biles opnaði sig um erfiðleikana sem fylgdu þessu í sögufrægu fjölmiðlaviðtali fyrir Bandaríska meistaramótið árið 2019.

„Það er ekki auðvelt að koma aftur og æfa fyrir samband sem hefur brugðist þér. En ég reyni að hugsa að ég er hér sem atvinnu-íþróttamaður. Mér líður hins vegar eins og hver dagur í salnum sé áminning um hvað ég er búin að ganga í gegnum og hvað ég er að ganga í gegnum, en ég reyni að hugsa sem minnst um það,“ sagði Biles.

„Það er erfitt að tala um þetta. Ég vil ekki byrja gráta en það erfitt að keppa fyrir samband sem hefur brugðist okkur svo oft. Við vorum með eitt markmið og við gerðum allt sem þau báðu okkur um, líka þegar við vorum ekki til í það. Og þau voru með eitt verkefni, bókstaflega eitt verkefni og það var að vernda okkur og þau klúðruðu því. Í hvert skipti sem ég þarf að fara í sjúkrahjálfun eða til læknis eftir æfingu vil ég ekki láta snerta mig en mér er illt í líkamanum og ég þarf á því að halda. En ég er sterk ég kemst í gegnum þetta,“ sagði Biles og brast í grát.

Allir horfðu á fimleikahæfileika hennar og töldu að hún myndi komast yfir þetta. Hvernig getur fimleikakona sem gerir tvöfalt heljarstökk með þrefaldri skrúfu á gólfi ekki sigrast á þessu?

Varnarveggirnir fóru að hrynja

Biles glímdi við alvarlegt þunglyndi um tíma en áður en fólk vissi af var hún mætt aftur á æfingar eins og ekkert hefði í skorist. Hún hélt áfram að skara fram úr og bætti fjórum heimsmeistarátitlum til viðbótar í safnið sitt og allir voru sannfærðir um að hún myndi gera það sama á Ólympíuleikunum í Tókýó 2020.



„Og þau voru með eitt verkefni. Bókstaflega eitt verkefni og það var að vernda okkur og þau klúðruðu því.“

Simone Biles.

Juliet Macur, íþróttablaðamaður hjá The New York Times, segir engan hafa verið jafn spennant fyrir Ólympíuleikunum í Tókýó og Biles, enda ætlaði hún að klára mótið og kveðja fimleika. Hún vildi segja skilið við Bandaríska fimleikasambandið fyrir fullt og allt. Þegar Biles fékk fréttirnar um að leikunum væri frestað gekk hún úr æfingasalnum, lagðist í fósturstellinguna inni í klefa og grét. Þegar tilkynnt var að engir áhorfendur yrðu í höllinni var það annað áfall, en það yrði þá í fyrsta skipti sem þessi tuttugu og fjögurra ára gamla fimleikakona myndi keppa án foreldra sinna í salnum en hún segist leita til þeirra til að róta taugarnar.

„Ég verð að reyna að gera það ekki núna. Því þetta er slæmur ávani. Ég finn fyrir kvíða þegar ég er að keppa en þegar ég sé þau róar það mig að vita að þau eru á svæðinu,“ sagði Biles.

Hún sýndi mannlegar hlíðar er valið var í bandaríska landsliðið í ár þegar hún datt af jafnvægis-slánni og segja blaðamenn að það hafi sést að eitthvað væri að angra stórstjórn liðsins.

Í viðtali við New York Times í aðdraganda leikanna gaf hún heldur óvenjulegt svar við spurningunni um hvað hefði verið hamingjusamasta stundin á sigurferli hennar sem besta fimleikakona heims öll þessi ár.

„Í hreinskilni sagt voru það frídagarnir sem ég fékk,“ svaraði Biles.

Þegar kom að Ólympíuleikunum var varnarveggurinn sem Biles hafði byggt upp farinn að hrynja. Liðakeppnin rann svo upp og Biles gat ekki gert stökkið sitt. Hún dró sig úr keppni til að forðast meiðsli enda afar hættulegt að keppa í fimleikum þegar hausinn er ekki í lagi. Biles gekk að liðsfélögum sínum og heyrðist í henni segja í útsendingunni: „Ég bara get ekki haldið áfram.“

Allir veltu fyrir sér hvað í ósköpunum væri að baki en Biles lýsti þessu síðar sem „the twisties“ sem er ágætt orð yfir þekkt fimleikafyrirbæri er líkami og heili starfa ekki saman. Ef þú ætlar að gera tvöfalt heljarstökk með þrefaldri skrúfu þarf hvar hreyfing að vera æfð fyrir fram, ákveðin og rétt tímasett.

Þeir sem hafa stigið fæti inn í fimleikasal myndu því aldrei gagnrýna ákvörðun Biles um að draga sig úr keppni þegar líkami og heili starfa ekki saman. ■



RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500



**VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.**

NÝ SENDING - EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX

**ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL
OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA
INNRRÁRYMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.**

**ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5,
SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA



**RAM 3500
LIMITED MEGA CAB**



**RAM 3500
37" BREYTTUR**



**RAM 3500
40" BREYTTUR**

**EVROPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA.
VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU
TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.**

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

TAX FREE



SCOTT

Hornsófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegur í þremur litum, koníaksbrúnu, steingráu og dökkgráu. Sterkir fætur úr svörtu járn. Hægra eða vinstra horn (ekki færnanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

225.798kr. ~~279.990kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Upplýsingar í auglýsingunni
eru birtar með fyrirvara um
prentvillur.

TAXFREE DAGAR

LÝKUR MÁNUDAGINN 9. ÁGÚST

AF ÖLLU*

*nema af IITTALA, BITZ, SKOVBY eða sérpöntunum.



* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Ekki alveg tilbúin að sleppa sýnileikanum



Björk
Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Formaður Hinsegin daga, Ásgeir Magnússon, situr sitt fyrsta ár á formannsstóli og viðurkennir að hluti starfsins hafi verið að naga neglur enda þurfti að breyta flestu í ljósi hertra samkomutakmarkana. Hann segir þau sníða sér palli-ettustakk eftir vexti og finna sínar leiðir til að fagna.

Hinsegin dagar hafa staðið yfir frá því á þriðjudag og er síðasti dagur á morgun, sunnudag. Þegar samkomutakmarkanir voru aftur hertar í síðasta mánuði var ljóst að metnaðarfull dagskrá Hinsegin daga myndi riðlast og ekkert gæti orðið af hinni vinsælu Gleðigöngu sem síðast fram árið 2019.

Ásgeir, sem í fyrsta sinn stýrir hátíðinni, hlær þegar hann er spurður hvort mikið sé um að vera. „Maður myndi kannski halda að það væri minna að gera, enda minna um viðburði. En umstangið í kringum nauðsynlegar breytingar er líka tímafrekt. Að koma viðburðum í streymi og halda utan um skráningar og sóttvarnir á alla viðburði. Passa að allir sitji á réttum stöðum og hlaupa um með gjallarhorn og segja fólki að setja á sig grímur,“ segir Ásgeir í léttum tón og viðurkennir aðspurður að ekki hafi reynt á það síðastnefnda. „Það hefur ekki reynt á það ennþá en ég er tilbúinn með gjallarhornið.“

Vikan hófst á því að Ingólfsstræti var málað í regnbogans litum.

„Við fengum heilmikið af sjálfboðaliðum, rétt sluppum við rigninguna og áttum frábæran dag. Svo var opunarhátíðin í Gamla bíó með takmörkunum en tilfinningin var að fólk hefði verið svo rosalega tilbúið að mæta að það setti ekki fyrir sig að sitja með grímur.“

Mesta eftirsjáin að Gleðigöngunni
Nú í ár fékk stjórn Hinsegin daga örlítið lengri tíma til að sníða hátíðina að hertum takmörkunum en var uppi á teningnum í fyrra og segir Ásgeir þau hafa nýtt sér það til góðs.

„Í fyrra komu takmarkanirnar rétt fyrir verslunarmannahelgi svo við höfðum litinn tíma til að bregðast við. Við höfum svo líka lært mikið á þessu ári á það hvernig við getum lifað með þessari veiru og hvað hægt er að gera, og búum að því.“

Segja má með sannri að dagskrá Hinsegin daga hafi verið virkilega metnaðarfull í ár, með samblandi af skemmtun og fræðslu frá bæði innlendum og erlendum aðilum. Óhjákvæmilegt var að aflýsa einhverjum viðburðum en öðrum var einfaldlega breytt í takti við takmarkanir.

„Við þurftum að fella niður Hinsegin-siglinguna sem átti að vera í gærkvöldi og svo auðvitað Gleðigönguna sem fram hefði farið í dag. Það er mesta eftirsjáin að henni,“ segir Ásgeir. Mikilvægi göngunnar er margvíslegt og sýnileiki hinsegin fólks hefur aldrei verið meiri.

„Þetta hefur margfeldisáhrif út í samfélagið þar sem allir þeir sem enn eru að glíma við sínar tilfinningar einir sjá þarna viðbrögðin sem gangan fær og geta þar samsamað sig öðrum. Sjá þannig að það sé stærra samfélag þarna úti og fólk þurfi ekki að burðast með sínar tilfinningar eitt. Það er líka alltaf gott að minna okkur öll á að við stöndum öll vörð um mannréttindi og að þau séu okkur öllum til hagsbóta.“

Regnbogagullmoli á RÚV

Þegar ljóst var að ekkert yrði af Gleðigöngunni annað árið í röð voru hafðar hraðar hendur við að stilla upp dagskrá á RÚV á laugar-



Ásgeir Magnússon segir Gleðigönguna hafa margfeldisáhrif og því sé mesta eftirsjáin að henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ÓTTAR



Páll Óskar og fylgisveinar hafa verið áberandi í Gleðigöngunni sem síðast fór fram árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Allar kynslóðir sameinast í göngunni sem vonandi verður á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Hatari kom fram 2019, við mikinn fögnuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

dagskvöldið, í svipuðum anda og var í fyrra.

„Sem betur fer gátum við fengið nokkra af okkar færur skemmtikröftum sem áttu að koma fram í Hljómskálagarðinum og annars staðar, til að koma fram í þessum skemmtipætti, og getum þannig komið þeirra frábæru hæfileikum á framfæri við þjóðina.“ Dagskráin hefst í kvöld klukkan 20.25 og spurður hverju fólk megi eiga von á svarar Ásgeir. „Ég held að fólk eigi von á skemmtilegum, fræðandi og kósí regnbogagullmola.“

Ásgeir segist hvetja alla Íslendinga hvar sem þeir eru til að vera litrík og eiga litríka stemningu með sínu fólki um helgina. Eins sé um að gera að kíkja við í miðbæ Reykjavíkur þar sem óvænt atriði munu skjóta upp kollinum.

„Við erum ekki alveg tilbúin að sleppa sýnileikanum svona auð-

veldlega og ætlum því að fara svipaðar leiðir og skipuleggjendur 17. júní fóru og verðum með ýmsa pop-up viðburði víðs vegar um bæinn. Það er því um að gera fyrir fólk að röлта um bæinn þar sem allt í einu poppar upp tónlistaratriði hér eða dragperformer þarna. Þetta verður ekkert auglýst heldur verður frekar eins og í páskaeggjaleit,“ segir Ásgeir en lætur þó uppi að viðburðirnir verði á milli eitt og fjögur í dag, laugardag.

Sníðum palli-ettustakk eftir vexti

Ásgeir er eins og fyrr segir í fyrsta sinn í sæti formanns Hinsegin daga og viðurkennir að hingað til hafi honum líðið betur í bakvinnslunni. „En nú er ég að taka annan bolta, að naga neglur og svara spurningum fjölmiðla,“ segir hann í léttum tón.

„Ég bý reyndar svo vel að vera með frábæran hóp með mér, frá-

bæra stjórn og í fyrsta sinn erum við með starfsfólk. Við njótum góðs af því, eins og mörg önnur frjáls félagsamtök, að geta nýtt ráðningarstyrki og það hefur verið algjör guðsgjöf, sérlega nú á lokaspættinum þegar þurfti að breyta öllu. Við erum þakklát fyrir stuðninginn sem við finnum í samfélaginu og frábæra bakhjarla, Reykjavíkurborg og Landsbankann. Svo gerðum við nýverið samning við Evrópusambandið um aðgengismál sem gerði okkur kleift að tákna- tálka alla viðburði en markmiðið er alltaf að auka aðgengi allra að fræðslu okkar.“

Aðspurður segist Ásgeir horfa björtum augum til næsta árs enda búi hann að fenginni reynslu.

„En vonandi náum við að lifa eðlilegra lífi á næsta ári,“ segir hann og bætir að lokum við: „En við sníðum okkur bara palli-ettustakk eftir vexti.“ ■



Það er því um að gera fyrir fólk að röлта um bæinn þar sem allt í einu poppar upp tónlistaratriði hér eða dragperformer þarna.

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Ég tók meðvitaða ákvörðun um að blómstra

Linda Pétursdóttir varð fimmtug í hittifyrri og þó hún hafi enn ekki haldið upp á tímamótin vegna heimsfaraldurs og samkomutakmarkana segist hún fagna hverju ári sem bætist við lífið og hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að blómstra.

Ég er fyrir svo löngu komin á þann stað að vera ánægð með hvert ár sem bætist við líf mitt þannig að ég hlakkaði í raun bara til að ná þessum áfanga," segir Linda. „Hins vegar finnst mér reyndar enn frekar skritið að vera orðin fimmtug. Mér finnst árafjöldinn einhvern veginn ekki passa við mig. En ætli það sé nú ekki þannig hjá okkur flestum, að okkur finnst við vera yngri í anda en talan segir til um, sem er auðvitað hið besta mál," segir hún í léttum tón. „Það er bara einn annar möguleiki og það er að vera dauð. Ég fagna því heldur að fá að eldast áfram.“

Linda hefur eins og fyrr segir enn ekki haldið upp á áfangann en ætlunin var að gera það með vinkonu í Kaliforníu sem varð fimmtug tveimur vikum fyrr. „Við ætluðum aldeilis að efna til veislu og svo vinkonuferðar í kjölfarið, en þá skall Covid á og við höfum þar afleiðandi ekki enn náð að halda upp á afmælin okkar. Þannig að, eins og ég segi við vinkonur mínar í gamni, þá held ég bara upp á fimmtugsafmælið tveimur, þremur árum síðar. Það byrjar því ekki að telja fyrr og fyrir vikið græði ég á þessu," segir hún og hlær. „Maður þarf alltaf að einblína á það jákvæða í svona aðstæðum.“

Hugsanastjórnun mikilvæg

Fimmtugt í dag er varla sami aldur og hann var hjá fyrri kynslóðum enda algengara að fólk hlúi betur að sér og lífi lengur. Linda, sem hefur lengi starfað í heilsugeiranum, tekur undir það.

„Mér finnst frábært að konur leggi metnað í heilsu sína og lífsstíl, bæði andlega og líkamlega. Ég hef mikinn áhuga á heilbrigðum lífsstíl og áhrifunum sem hann hefur á líf okkar, og þar hefur mataræðið auðvitað gríðarlega mikið að segja. Síðast en ekki sist kemur hugsanastjórnun þar sterk inn. Fyrst og fremst þurfum við að vinna með heilann í okkur, allt annað fylgir svo í kjölfarið.“

Linda býr ein ásamt einkadóttur sinni, Ísabellu, sem hefur menntaskólanám í haust og segist hún vissulega vera farin að finna fyrir því að dóttirin þurfi orðið minna á henni að halda.

Einveran veitir mér orku

„Ég hef alltaf nóg fyrir stafni og elska það sem ég vinn við," segir Linda. „Ég er mikill dundari og „introvert“ og líður vel í eigin félagskap. Einveran veitir mér orku. En ég er vissulega farin að finna fyrir að nú þarf hún edlilega ekki jafn mikið á mér að halda. Ég er enn að venjast því að hún vilji frekar vera

með vinum sínum eða tala við vinkonur „online“ á kvöldin heldur en að hanga með mömmu gömlu," segir Linda og hlær. „Ég þarf bæði að venjast því og undirbúa sjálfa mig tilfinningalega undir þetta, því hún stefnir á nám erlendis, helst á næsta ári. Ég er einhleyp svo ég finn eflaust enn meira fyrir þessu, því það er enginn maki til að fara í gegnum þetta með mér, heldur geri ég það ein.“

Ég er mennsk

Það dylst ekki að alheimsfegurðardrottningin fyrrverandi hefur sjaldan lítið betur út og segir hún að í þeim efnum skipti það sköpum að halda rútínu og taka daglega tíma til að hlúa að sjálfri sér.



Ég er einhleyp svo ég finn eflaust enn meira fyrir þessu, því það er enginn maki til að fara í gegnum þetta með mér, heldur geri ég það ein.

„Það eru öll litlu hænuskrefin sem ég tek á hverjum degi sem vega þar þyngst. Sem dæmi; að drekka tvo litra af vatni daglega, borða holla fæðu og mikið grænmeti, að fá mér ekki aftur á diskinn, hreinsa alltaf húðina áður en ég fer að sofa og bera á mig góð krem og olíur. Ég hef farið í góðar húðmeðferðir í gegnum árin og passa vel upp á húðina og hef alltaf gert.

Ég fæ mér súperdrykk nánast alla daga ársins en þeir innihalda ofurfæðu sem gerir manni mjög gott og hefur andöldrunaráhrif," segir Linda sem einnig borðar mikið af berjum og hollri fitu og tekur daglega bætiefni.

„Flesta daga hugleiði ég, fer í sána, þurrbursta húðina og geng svo yfirleitt 10 þúsund skref úti í náttúrunni með hundunum mínum. En þetta er langt í frá fullkomið hjá mér alla daga, ég er mennsk og nenni ekki alltaf að gera það sem er mér fyrir bestu til langs tíma lítið. Ég tek ekki alltaf bestu ákvörðunina fyrir sjálfa mig, en þá er bara að taka næstu bestu ákvörðun í kjölfarið. Maður hefur nefnilega alltaf það val.“

Mikilvægt að dvelja ekki í gremju

Linda menntaði sig í lífsþjálfun með áherslu á heilsu og þyngdarstjórnun og hefur undanfarið boðið konum slíka þjónustu í gegnum vefsíðu sína lindape.com. Hún segir mikilvægt að læra að einblína á það góða við líf sitt og lífsstíl.

„Ég bendi konunum mínum á að dvelja ekki í gremju. Ef þú einblínir á það sem vantar og að adrir hafi það hugsanlega betra en þú eða gangi betur, mun það halda þér frá árangri," segir Linda sem er viss um

að gremja sé banamein drauma. „Og síðast en ekki sist þá er þakklæti talið hafa jákvæð áhrif á efnafræði heilans. Við upplifum meiri kærleika og gleði í kjölfarið og þá er auðveldara að losa sig við ótta og gremju og sætta sig við það sem við getum ekki breytt. Það er visst frelsi sem fylgir því.“

Ég er ekki erfiðleikar mínir

Sjálf hefur Linda upplifað sinn skerf af mótlæti í lífinu og hefur sagt frá þeim áskorunum í viðtölum í gegnum tíðina, meðal annars vægu heilablóðfalli fyrir nokkrum árum. „Lífið er bara þannig," segir hún aðspurð um áföllin. „Ég trú því að lífið sé til helminga gott og erfitt. Við förum öll í gegnum erfiðar tilfinningar og strembin verkefni á lífsleiðinni en að sama skapi kunnum við þá betur að meta það góða í lífi okkar. Mín lífsheimspeki er sú að gefast aldrei upp, að halda alltaf áfram og leiðarljósið mitt er einhvers konar sambland af kjarki og seiglu," segir hún.

„Þegar okkur verða á mistök eða erfiðleika ber að, þá er ekkert annað í boði en að fara í gegnum þá, standa svo upp, dusta af sér rykið og áfram gakk! Lífið býður upp á bæði dali og hæðir. Þegar við erum að fara í gegnum erfiðleika er enn mikilvægara en áður að vera með skipulagt dagsplan og fara eftir því. Og muna að af öllum erfiðleikum má draga lærdóm. Og ef notað á réttan hátt, mun það hjálpa okkur að komast á enn betri stað. Ég hef orðið ansi góða reynslu í því að takast á við alls kyns erfiðleika og verkefni, en ætli minn helsti kostur sé ekki sá að ég læt erfiðleika aldrei skilgreina hver ég er. Ég er ekki erfiðleikar mínir," segir Linda ákveðin.

Það má skipta um skoðun

Hún segir ákveðið frelsi fylgja því að sleppa tókum á því sem heima eigi í fortíðinni. „Til þess að hafa sjálföruggi og vera glöð í eigin skinni er mikilvægt að hætta að burðast með skömm, eftirsjá og kvíða í farteskinu. Að sleppa því er einn lykill velgengni. Ég tók meðvitaða ákvörðun um að blómstra, að vera örugg með sjálfa mig og það sem ég stend fyrir og hver ég er. Við eigum að fagna lífinu, og einblína á allt það bjarta og fallega sem við höfum, hver við erum og því sem fram undan er – og öllu því sem við getum gert til að lífa því lífi sem okkur dreymir um. Það góða er að við getum alltaf breytt hugsunum okkar því þær eru ekki staðreyndir. Það má skipta um skoðun.“

Eins og fyrr segir starfar Linda í dag við að ráðleggja konum varðandi að bæta lífsstílinn og þyngdarstjórnun og segist hún nota þar nýja aðferð.

„Ég hef það mikla reynslu úr þessum bransa að þegar ég lærði þessa nýju aðferðafræði hugsaði ég með mér að ég yrði að kenna samlöndum mínum og kynsysturum þessa lausn. Hún felst ekki í því að ég segi þér hvað þú átt að borða, láti þig fá uppskriftir, eða að þú þurfir að telja kaloríur eða stig. Það er úrelt aðferð að mínu mati. >>



Björk Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

ILVA

GO CRAZY

Sparadtu

25%

AF ÖLLUM VÖRUM*

FIMMTUDAG - MÁNUDAGS

DAGANA 5. - 9. ÁGÚST

ÚTSÖLULOK 9. ÁGÚST

*20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

 netgíró
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Ég á góð ástarsambönd að baki en trúi því enn fremur að lengd sambands segi ekki endilega til um gæði þess.



Þegar Linda mætti í myndatökuna, efins um að leggirnir ættu að sjást, ákvað hún að tala sjálfa sig til, leit í spegilinn, blikkaði sig og sagði: „You've still got it!“ Fór svo fram fyrir myndavélina og naut sín í botn eins og sjá má.

MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

» Færð enga skyndilausn hjá mér

Mín aðferð felst í því að vinna með stærsta verkfærið til þyngdartaps, sem er þinn eigin heila. Þar er ég sérfræðingur og ég kenni konunum mínum að vinna með hugsanastjórnun, læt þær hafa verkfæri og tól til þess að gera langtímalausn, án þess að þurfa nokkurn tímann aftur að fara í megrunarkúr. Þú færð enga skyndilausn hjá mér, ég vinn dýpra með hugsanir og tilfinningar og læt þig taka stjórnina, læra inn á eigin líkama og hvað hentar þér. Mér finnst það skynsamlegasta leiðin, að þú setjist aftur í bílstjórastæðið.“

Linda segir aðalvinnuna vera hugarfarið. „Ég þjálf konurnar mínar í að hætta sjálfniðurrifi, að sýna sjálfum sér kærleika á leiðinni að markmiðinu því ef þú vinnur ekki með hugsanirnar þínar og tilfinningar, þá nærðu kannski markmiðinu þínu, tímabundið, en ferð aftur á sama stað og áður, jafnvel verri. Þú þarft því að læra að elska sjálfa þig, sýna þér virðingu í samtalinu sem þú átt við sjálfa þig og hvernig þú hlúir að þér daglega, til þess að geta upplifað og verið áfram á þeim stað sem þú stefnir á.“

Aðspurð um hvaða konur það séu sem til hennar leiti segist Linda nýverið hafa skoðað aldursbilið sem hafi verið mjög dreift.

„Konurnar mínar eru frá rúmlega þrítugu og upp í tæplega áttætt. Það er algjörlega magnað og sýnir að það að vilja bæta lífsstílinn hefur ekkert með aldur að gera. Enda er aldur afstæður.“

Fordómarnir gagnvart sjálfri sér

Ásta Kristjánsdóttir ljósmyndari tók þessar glæsilegu myndir af Lindu sem hér birtast en þær tvær hafa unnið töluvert saman undanfarin ár. Linda ákvað að fara örlítið út fyrir þægindarammann í tókunni og flagga kynþokkanum sem hún segist hafa verið svolítið feimin við síðustu ár.

„Ætli ég hafi þó ekki farið að njóta hans og kannski þorað að sýna enn meira núna eftir að ég varð fimmtug. Mig langar nefnilega að sýna konum, að allt er hægt. Við þurfum ekki að hætta að vera kynverur og líta vel út þótt árin færist yfir. Síður en svo!“ segir hún ákveðin.

„Ég þurfti þó að þjálf sjálfa mig í



Við þurfum ekki að hætta að vera kynverur og líta vel út þótt árin færist yfir. Síður en svo!

gegnum það að fara í þessa myndatöku því við Ásta vorum búnar að ákveða að ég skyldi sýna leggina. Það var miður uppbyggilegt samtali sem ég átti við sjálfa mig, um hvað ég, kona komin yfir fimmtugt, væri að fara að sýna á mér leggina, og alls kyns aðra fordóma gagnvart sjálfri mér.

Megum vera alls konar

Við Ásta áttum gott samtali um þessar vangaveltur mínar og hvers vegna klárar og frambærilegar konur mættu ekki sýna kynþokka. Hvort við þyrftum allar að vera í dökkum jakkafötum og ekki sýna kvenleika okkar til þess að vera teknar alvarlega? Og er það eitthvað sem ég vil standa fyrir? Svar mitt var nei. Ég vil sýna konum að við megum vera alls konar. Þrátt fyrir það, svona í hrein-skilni sagt, þá var ég frekar stressuð. Þegar ég mætti svo í myndatökuna, efins um að leggirnir mínir ættu að sjást á mynd og þess háttar, eða þar til ég var tilbúin, leit ég á sjálfa mig í speglinum, blikkaði mig og sagði: „You've still got it!“ Fór svo fram fyrir myndavélina og naut mín í botn.“ segir Linda í léttum tón.


Linda varð alheimsfegurðardrottning aðeins átján ára gömul og um leið landsþekkt hér heima, en gæti hún hugsað sér að fara til baka á sama aldursbil? „Æi, nei, veistu ég held ekki. Það var of mikið alls kyns vesen og drama sem ég hef hvorki nennu til né þolinmæði til að takast á við í dag.“ segir hún einlæg.

Opin fyrir ástinni

Ástarsambönd Lindu hafa í gegnum tíðina ratað í fjölmiðla og sagði hún meðal annars frá sambandi sínu við Kanadamann í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins fyrir um tveimur árum. Upp úr því slitnaði en aðspurð segist Linda enn sannarlega trú á ástina. „Tilfinningin að vera ástfangin er dásamleg. Ég á góð ástarsambönd að baki en trúi því enn fremur að lengd sambands segi ekki endilega til um gæði þess. Þar til ég kynnist þeim manni sem ég tel vera góðan lífsförunaut sem bætir líf mitt meira en ekki, þá kys ég að vera ein. Ég er mjög sjálfstæð á allan máta. Ég hef góða reynslu í að vera ein og er sátt, en ég er líka opin fyrir möguleikum ástarinnar.“ segir Linda að lokum. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.isHarpa Rún Kristjánsdóttir, þýðandi skáldsögunnar *Vanessa mín myrka*, segir þýðingarstarfið hafa tekið á, enda er bókin tormelt og umdeild.

MYND/ADSEND

Hættu þessu, karlpungur

Vanessa mín myrka er fyrsta skáldsagnabýðing skáldkonunnar og bókmenntafræðingsins Hörpu á umdeildri og umtalaðri bók Kate Elizabeth Russell. Bókin var níu ár í vinnslu hjá höfundu, kom út í fyrra og talaði sterkt inn í nýjan samtíma og #meetoo-byltinguna. **2**


 TARAMAR


HEALING TREATMENT

Græðir brennda húð

www.taramar.is

Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu


 EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is



Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria
@frettabladid.is

My Dark Vanessa kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 2020. Bókin segir frá tveimur tímabilum í lífi Vanessa Wye. Annars vegar þegar hún kemst fjórtán ára gömul inn í virtan heimavistarskóla og á þar í eitruðu og vafasömu sambandi við kennara sem er þrefalt eldri en hún. Hins vegar sjáum við hana sautján árum síðar, í miðri fyrstu #metoo-bylgjunnar vestra, þar sem hún neyðist til þess að gera sambandið upp og horfast í augu við sjálfa sig og áhrifin sem það hefur haft á líf hennar.

Umdeild fyrsta skáldsaga

Harpa vann nýverið að nýrri þýðingu á Rómeó og Júlíu ásamt Jóni Magnúsi Arnarssyni í heimsfaraldrinum og ætti sú þýðing að líta dagsins ljós á haustdögum í Þjóðleikhúsinu. „Eftir leikritið langaði mig að takast á við eitt-hvað allt annað og varð Vanessa fyrir valinu.“

Höfundurinn, Kate Elizabeth Russell, er fædd 1984 og er My Dark Vanessa fyrsta skáldsagan hennar. Þetta er fyrsta skáldsagan sem Harpa þýðir og segir hún það hafa reynst gæfuspor að fara með hugmyndina til Heiðu Bjarkar Þórbergsdóttur í Króniku. „Heiða ákvað að taka að sér ritstjórn og ég endaði sem starfsmaður útgáfunnar og hef fengið tækifæri til að taka þátt í að byggja hana upp. Það er síðan kaldhæðni orlaganna að Vanessa reyndist svo ekki alóskyld Rómeó og Júlíu. Báðar eru sjúkar ástarsögur um stúlku sem feðraveldið reynir að kremja.“

My Dark Vanessa var orðin umdeild eiginlega áður en hún kom út í Bandaríkjunum og bóka-klúbbur Oprah Winfrey hætti við að taka hana til umfjöllunar. Russell er ritlistarmentuð og var í níu ár að skrifa Vanessa. Þrátt fyrir að viðtökurnar væru margvíslegar varð bókin strax metsölubók í heimalandinu, sem hlýtur að teljast gott þegar um fyrstu bók höfundar er að ræða.“

Salka Valka með öðrum augum

Vanessa hefur verið þýdd yfir á þriðja tug tungumála. Harpa segir að bókin hafi þó ekki farið hátt í byrjun júlí þegar hún kom út í íslensku þýðingu en hún telur að bókin eigi samt fullt erindi inn í íslenskan samtíma og umræðu.

„Bókin er ekki auðveld og ég skil vel að fólk treysti sér ekki til að ræða hana, en það endurspeglar einmitt mikilvægi þess að draga hana inn í umræðuna. Margir tala um að þetta sé bók sem muni snerta konur en eigi jafnvel meira erindi við karla. Þegar ég las hana fyrst hugsaði ég með mér að ég hefði viljað lesa hana þegar ég var 15 ára.“



Ákveðið var að gefa íslensku Vanessa nýja bókarkápu sem Ólöf Erla hjá Svartdesign hannaði. „Það er eitthvað svo sterkt við hvernig hún stendur þarna með vöndinn á bakinu.“

bylgjunni hér á landi. Gott fólk getur gert slæma hluti og hér fá lesendur tækifæri til að kynna hlutunum eins og þeir eru.

Það heillaði mig við bókina hvernig henni tekst að sýna en ekki segja. Þetta er fyrsta verk höfundar, en hún er aldrei predikandi eða boðandi. Við höfum fylgst með samfélagsbyltingunum ríða yfir, fólk segir sína sögu opinberlega, orð stendur gegn orði og athugasemdakerfin loga. Í rauninni er það aldrei okkar að hafa skoðun á raunverulegum málum. Skáldskapurinn skapar þá andrúm til að vege og meta hlutina. Mynda okkur skoðun á máli án þess að skipa okkur í lið með eða á móti. Það tekst svo vel upp í bókinni, því þótt sögumaðurinn sé ekki áreiðanlegur þá tekur söguhöfundurinn aldrei afstöðu.“

En var aldrei erfitt að þýða svona umdeilda og flókna sögu?

Harpa viðurkennir að verkið tók alveg á á köflum. „Meðan á þýðingunni stóð sat ég stundum við tölvuna og hugsaði: „Ekki gera þetta stelpa – komdu þér út! Segðu nei!“ Þrátt fyrir að vita hvað myndi gerast næst. Það er svolítið kaldhæðnislegt að hugsa til þess hvað þetta er litad af orðræðunni sem þolendur mæta þegar þeir segja frá. „Af hverju kærðirðu ekki? Af hverju varstu svona full? og fleira.“ Við þurfum líka að venja okkur af þessu. Ég hefði auðvitað átt að hugsa: „Hættu þessu, karlpungur.“

Ég var ólétt þegar ég vann að þýðingunni og eftir á að hyggja var þetta auðvitað óskynsamlegt meðgönguverkefni. Mér var reyndar óglatt í nánast 20 vikur á þessari meðgöngu og þegar ég hugsa um það þá lagaðist ógleðin ekki fyrr en Vanessa fór í prentun. Ég viðurkenni fúslega að ég hef ekki litid í bókina síðan hún kom út, enda var ég þá komin tæpa níu mánuði á leið.“

Á þessi bók eftir að verða klassik?

„Þessi bók ratar mjög víða inn á lista yfir það sem erlendis er kallað „nútima klassik“. Sem bókmenntafræðingur vil ég samt benda á að hugtakið klassik er alltaf hálf merkingarlaus og ákveðið af hefðarveldi sem er ekkert endilega áreiðanlegt. Ég held í það minnsta að bókin sé mjög góður spegill á #metoo-byltinguna, samfélagslegu aðstæðurnar sem hún sprettur úr og þær tilfinningar sem hún hefur vakið meðal fólks. Vanessa mín myrka væri ekki til ef ekki væri fyrir samfélagsmiðla. #metoo væri það ekki heldur. Með öllum sínum kostum og göllum hafa þeir opnað ormagryfju sem var löngu kominn tími á að gægjast ofan í, því þar er tækifæri til þess að laga risastórt samfélagsmeið. Við erum rétt að byrja á því verkefni.“

Barn og bók

Harpa, þýðandi bókarrinnar, vakti þó nokkra athygli fyrir ljóðabókina sína Eddu þar sem hún fléttaði saman hugsanir æsku og elli á áhrifaríkan máta. Hún situr ekki auðum höndum nú þegar Vanessa mín myrka er komin út. Hún er nýbúin að eiga sitt fyrsta barn og vinnur jafnframt að skáldsögu sem hún segir að komi út í haust hjá bókaútgáfunni Bjarti. „Hún heitir ekkert ennþá en er nútímasveitasaga sem fjallar um ást, sauðfjárbúskap, sveitaböll og bollaspádóma. Hún er kannski blanda af Vanessa og bókinni Sumarið í sveitinni sem við Guðjón Ragnar gáfum út í vor. Létt og þung í senn og ég hlakka til að fylgja henni í flóðinu.“ ■

Halldór Laxness skrifaði til dæmis þó nokkra karla sem svipar til Strane, kennarans sem misnotar Vanessa.

Harpa Rún
Kristjánsdóttir.

Umfjöllunarefnið segir Harpa að sé því miður jafngamalt mannkyninu en það sem hefur breyst er viðhorf okkar til þess. „Halldór Laxness skrifaði þó nokkra karla sem svipar til Strane, kennarans sem misnotar Vanessa. Ég las Sölku Völku fyrst fjórtán ára og svo aftur rúmlega tvitug með allt öðrum augum hvað þennan hluta varðar. Það er dæmi um bók sem proskast með umræðunni. Í seinni tíð hafa uppgjörsbókmenntir orðið áberandi. Gerður Kristný hefur ljáð þolendum rödd í Blóðhófnu, Drápu og Sálumessu. Sjóveikur í München eftir Hallgrím Helgason og viðbrögðin við henni sýndi okkur síðan hvað umræðan á enn langt í land.“

Lolita mín myrka

Aðalminni sögunnar, samband eldri manns og barnungrar stúlku, er beintengt frægr skáldsögu Nabakog; Lolitu í hugum svo margra. Russell gengst fúslega við því og vinnur það markvisst inn í bókina. „Strane er enskukennari og bókmenntamaður og lokkar Vanessa til sín gegnum klassísk bókmenntaverk. Lolita speglar ágætlega menningarátökin sem Vanessa mín myrka sprettur úr. Lolita er óumdeilanlega frábær bók um hræðilegt efni, en vegna þess hvað Humbert er heillandi sögumaður hafa margir freistast til að upphæfja efnið og ástarsambandið.“

Eitt af orðunum sem ég lenti í vandræðum með að þýða var enska orðið „jailbait“, eða fangelsisbeita, sem er notað um unglingsstúlkur sem eru svo kynþokkafullar að karlmenn standast þær ekki. Þær lokka þá til að fremja lögbrot. Við eigum ekki íslenskt orð yfir þetta og eins og lögfræðingurinn sem ég bar þetta undir sagði, þá er það eiginlega bara gott.

Ef við horfum á kvikmyndaaðlaganir á Lolitu falla leikkonurnar iðulega í þennan flokk. Þær fá ekki að vera venjulegar unglingsstelpur heldur eru þær gerðar að kynferðislegum viðföngum. Russell vinnur þetta áfram og fjallar um okkar

menningu og markaðsvæðingu söngkvennanna Britney Spears og Fionu Apple. Sú fyrrnefnda er núna að vinna úr sínum áföllum og hefur verið nokkuð áberandi undanfarið. Héðan er svo bara eitt skref yfir í að fjalla um klámíðnaðinn, þar sem sambönd sem byggja á þessari framsetningu og valdaójafnvægi eru mjög áberandi.

Vanessa mín myrka hefur verið kölluð Lolita nútímans, frá sjónarhóli kvenna og einn af lykklunum að því er þessi menningarumfjöllun. Vanessa sprettur upp úr menningu þar sem konur kynnast sjálfum sér með augum karlmanna, þar sem kynþokki og klám veður uppi. Þetta litar viðhorf allra kynja og einstaklinga til sjálfrá sín og annarra og ýtir undir ýmsar gerðir kynferðisofbeldis. Við erum rétt að byrja að vinna úr þessu sem samfélög, til dæmis með #metoo-byltingunni sem breytir öllum viðhorfum og þankagangi. Þetta gerir samtál bókanna miklu áhugaverðara, því lesturinn breytist um leið og lesandinn og viðhorf hans.“

Erfiður sögumaður

Sagan gefur mjög erfiðum sögumanni rödd, sem hagar sér ekki eins og samfélagið vill að þolandi kynferðisofbeldis hagi sér. „Vanessa, sögumaðurinn, er í stjórnlausri sjálfsvörn. Líf hennar, allt frá fjórtán ára aldri, hefur sntúist um Strane og sambandið við hann. Hún neitar að líta á sig sem þolanda og berst með kjafti og klóm gegn öllum sem reyna að fá hana til að leita sér hjálpar og vinna úr atburðunum, því hún veit að þá mun tilvera hennar hrynja. Það er erfitt að hjálpa þeim sem vill ekki láta hjálpa sér og á sama tíma er Strane heillandi skrímsli.

Mér finnst þetta helsti styrkur bókarrinnar. Þau eru ekki svarthvít og samband þeirra ekki heldur, en sú er iðulega raunin í ofbeldissamböndum. Í rauninni eru einu öfgarnir fölgirnir í aldursmuninum, en svona sambönd eru því miður alltof algeng. Fræstir gerendur eru hræðileg skrímsli, eins og við höfum séð svo glögg í nýjustu

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sigríður Inga Sigurðardóttir sigridur@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Kröftug & hrein bætiefni

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

20% Afsláttur í ágúst

HAGKAUP

Lífið tók U-beygju til hins betra

Femarelle Rejuvenate við upphaf hormónabreytinga er náttúruleg lausn og er virkni þess staðfest með klínískum rannsóknum.

Breytingaskeiðið (tíðahvörf) er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkenna fer þó oft að gæta allt að 10 árum áður en eiginleg tíðahvörf hefjast. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru samt sem áður ákveðin einkenni sem margar hverjar finna fyrir.

Einkenni eftir þrítugt

Það eru mörg dæmi þess að konur fari að finna fyrir einkennum sem tengjast breytttri hormónastarfsemi upp úr þrítugu, og stundum fyrr. Þessi einkenni tengjast minnkandi framleiðslu estrogens og geta meðal annars verið:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Minni orka, þreyta og slen
- Píringur
- Aukinn hjartsláttur
- Minni kynlöngun

Það er orðið sífellt algengara að konur þjáist á einhvern hátt vegna ójafnvægis í hormónaframleiðslu. Heilbriggt lífni getur spilað stórt hlutverk í að draga úr einkennum en oftast en ekki þarf meira til.

„Líf mitt breyttist“

Dídi Ásgeirs starfaði í apóteki þegar hún kynntist fyrst Femarelle. Hún hafði þetta að segja: „48 ára og í blóma lífsins taldi ég mig alls ekki vera komna á þann stað að vera byrjuð á breytingaskeiðinu. Ég svaf illa, vaknaði mörgum sinnum á nóttu og gat engan veginn sofði þar sem ég kófsvitnaði og bæði sæng og koddí rennblaut. Ég var sem sagt í bullandi afneitun. Einn góðan veðurdag fékk ég samt nóg og ákvað að kaupa mér einn pakka af þessari snilldarvöru og hugsaði „ég hef engu að tapa“. Viðbrögðin létu ekki á sér standa en ég tók tvær töflur á dag og þegar ég var búin með tvö spjöld úr pakkanum breyttist líf mitt, þvílíkur munur! Ég tók U-beygju í lífinu, svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir er allt annar. Þær konur sem kannast við þessi einkenni ættu ekki að hika við að prófa Femarelle. Femarelle Rejuvenate er klárlega málið.“



Dídi Ásgeirs segir að líf hennar hafi breyst til batnaðar þegar hún kynntist Femarelle.

MYND/ADSEND

Ég tók U-beygju í lífinu, svitinn er horfinn, ég sef miklu betur og næ meiri og betri hvíld þannig að dagurinn á eftir verður allt annar.

Didi Ásgeirs.



Femarelle rejuvenate

Fjölmargir kvensjúkdómalæknar mæla með Femarelle sem fyrstu meðferð við tíðahvörfum þar sem Femarelle er hormónalaus lausn við einkennum. Femarelle Rejuvenate hentar konum sem eru að upplifa fyrstu einkenni hormónabreytinga og áður en óregla kemst á blæðingar. En það inniheldur einkaleyfisvarið efnasamband, DT56a, sem unnið er úr óerfðabreyttu soya. Það inniheldur einnig hörfræ, B2- og B7-vítamín fyrir eðlileg efnaskipti, aukna orku og viðhald húðar, slímhúðar og hárs.

Hormónalaus lausn

Femarelle-vörurnar fást í tveimur öðrum tegundum, Recharge og Unstoppable, fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Recharge hentar fyrir konur sem eru komnar á breytingaskeiðið og blæðingar óreglulegar eða hættar. Unstoppable hentar fyrir konur sem eru komnar yfir breytingaskeið en vilja viðhalda kraftmiklum lífsstíl og vernda beinin þegar árin færast yfir. ■

Femarelle-vörurnar fást í apótekum, stórmörkuðum og Femarelle.is.

Betri svefn

Melissa Dream er hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni.

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif.



Þvílíkur munur!

„Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

Elsa M. Víðis.

Valið besta bætiefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada



Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Brúðkaup í konunglegum stíl



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Frænka Díönu prinsessu, lafði Kitty Spencer, gekk að eiga sinn heitt elskaða Michael Lewis þann 24. júlí. Athöfnin fór fram á lúxus-hefðarsetri í Róm. Mikill fjöldi prúðbúinna gesta var viðstaddur brúðkaupið sem vakti mikla athygli.

Það vakti sömuleiðis athygli að faðir brúðarinnar, Charles Spencer jarl, mætti ekki í brúðkaupið en í staðinn gengu bræður hennar tveir með henni inn kirkjugólfíð. Jarlinn hefur afsakað fjarveru sína með því að hann sé illa kvalinn í öxl og eigi erfitt með að ferðast.

Kitty og Michael trúlofuðu sig á síðasta ári. Hann er fráskilinn milljarðamæringur, rúmum þrjátíu árum eldri en hún og fimm árum eldri en faðir hennar. Hann á þrjú uppkomin börn. Michael er alinn upp af vellauðugri fjölskyldu í Suður-Afríku. Afi hans stofnaði risastórt húsgagnafyrirtæki, Lewis Furniture, í Höfðaborg árið 1934. Michael er forstjóri vel þekktar fataverslunarkeðju í Suður-Afríku sem nefnist Foschini LTD en einnig er hann stofnandi líftæknifyrirtækisins ProChon Biotech Limited.

» Kitty og Michael trúlofuðu sig á síðasta ári. Hann er fráskilinn milljarðamæringur, rúmum þrjátíu árum eldri en hún og fimm árum eldri en faðir hennar.

Brúðurin klæddist glæsilegum brúðarkjól frá Dolce & Gabbana sem hönnuðu einnig fjögur önnur brúðardress til skiptanna. Veislan hófst á föstudegi og stóð alla helgina. Kitty, sem er bróðurdóttir Díönu prinsessu, þótti afar tignarleg í brúðarkjólnum sem mörgum fannst minna á kjól frænku hennar á sínum tíma. Kjöllinn er innblásinn af Viktoriútímanum og er gerður úr hvítum blúndum með löngu slöri. Það tók sex mánuði að gera kjöllinn. Kitty mun hafa ákveðið að vera ekki með kórónu Spencer-ættarinnar sem móðir hennar bar í sínu brúðkaupi.

Eftir athöfnina skipti hún um fót og fór í bláan handmálaðan silki-kjól. Um kvöldið skipti hún aftur um fót og fór í kokteildress með silfur- og gullperlum.



Þeir verða vart glæsilegrir brúðarkjólarnir. Kitty Spencer uppklædd á brúðkaupsdaginn.

MYND/FACEBOOK-DOLCE & GABBANA

Kitty hefur starfað sem fyrirsæta, meðal annars fyrir D&G og er með yfir hálfa milljón fylgjenda á Instagram. Stuttu eftir að hún trúlofaðist Michael sýndi hún trúlofunarhring sinni á Instagram en hann mun vera 26 milljóna króna virði. Brúðkaupið var í konunglegum anda en Kitty var viðstödd þegar frændur hennar, prinsarnir Vilhjálmur og Harry, giftu sig.

Villa Aldobrandini þar sem brúðkaupið var haldið stendur á fallegum stað með ótrúlegu útsýni yfir borgina. Í raun er þetta höll í ítölskum barokkstíl. Gardurinn í kring er afar glæsilegur en hann var gerður á árunum 1598-1603. Þar eru aldagamlar styttur og gosbrunnar. Innandyra er málverk á veggjum frá 17. öld. Margir ferðamenn leggja leið sína til Villa Aldobrandini. ■



Brúðhjónin eftir athöfnina.

MYND/FACEBOOK-DOLCE & GABBANA



Glæsilegur kjöll sem Kitty klæddist eftir athöfnina frá D&G.

MYND/FACEBOOK-DOLCE & GABBANA



Enn einn kjöllinn sem Kitty klæddist í brúðkaupinu, handmálað silki.

MYND/FACEBOOK-DOLCE & GABBANA

MARAPÓN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um marapón kemur út föstudaginn 13. ágúst nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Chief Executive Officer

Creditinfo is a leading service provider for credit information and risk management solutions worldwide. It has established more than 25 credit bureaus in mature and emerging markets over 4 continents, thus tangibly contributing in growing and strengthening economies.

The company has developed, through its multiple subsidiaries, numerous products and services from official and customer information sources to facilitate best practice decisioning in credit risk management and has been the preferred partner of local Credit Bureaus.

Established in Iceland in 1997, Creditinfo Group has been among the fastest growing companies in its field.

Creditinfo has been shortlisted and awarded in several tenders supported by World Bank, IFC, Millenium Challenge Corporation and other international organisations.

Creditinfo is looking for a highly motivated, and experienced CEO to lead the Creditinfo Iceland team. The CEO will be responsible for the day-to-day management of the organisation with specific accountability for business development and achievement of its strategic and operational goals.

The CEO will play an integral role in leading change initiatives necessary to create and maintain the sustainable growth of the organisation while satisfying the needs of its customers.

The CEO will report to the Board of Directors of Creditinfo Iceland, and the Regional Director for Global Markets - Nordics.

Responsibilities:

- Providing strategic, financial and operational leadership for the Icelandic office in close cooperation with the Board of Directors and the Regional Director for Global Markets - Nordics.
- Leading strategic change initiatives; identification and support of change programmes and being a champion of change.
- Negotiations with the Group and affiliate offices, data providers, banking institutions, lending agencies, and similar entities; establishment and maintenance of effective working relationships with these agencies and other stakeholders.
- Representation of the organisation at meetings, conferences and other forums as required.
- Create, improve, implement, and enforce policies and procedures of the organisation that will improve operational and financial effectiveness.
- Development and implementation of a strategic planning framework.
- Overseeing the design and implementation of an enterprise risk management programme.
- Demonstrating strong business ethics in the execution of corporate and personal affairs and project and maintain a positive corporate image at all times.

Qualifications:

- Minimum 5 years of experience in a relevant area of a financial services industry or similar industry such as management consultancy; and in a general management position.
- University degree / Master's degree in Business Administration, Engineering or Finance.
- Great strategic visionary thinking together with efficient hands-on daily operational management capacity, and excellent ability to lead and manage.
- Analytical mind with strong business / commercial acumen.
- Strong problem-solving and decision-making skills.
- Excellent communication, interpersonal and presentation skills.
- Strong relationship building and management skills.
- Goal- and results-oriented with a high drive and energy level.
- Strong business ethics, integrity, and focus on corporate culture.
- Fluent in Icelandic and English, both written and spoken.

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a detailed cover letter stating the reasons for the application and the reasons for the applicant's ability to perform in the job.

The application deadline is August 16th.

Apply for the job at www.vinnvinn.is.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) and **Hilmar Garðar Hjaltason** (hilmar@vinnvinn.is) at Vinnvinn, oversee the recruitment process.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

vinnvinn

Ráðgjafi

Almenni lífeyrissjóðurinn óskar eftir að ráða ráðgjafa í lífeyris- og lánamálum. Starfið felst meðal annars í þjónustu og samskiptum við sjóðfélaga ásamt undirbúningi og vinnslu lánaumsókna. Hjá sjóðnum starfar samheldinn hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að vinna vel fyrir sjóðfélaga og veita úrvalspjónustu. Í boði er vinnustaður sem hlúir að starfsfólki með góðri vinnuaðstöðu og áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum.

Hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði kostur

Umsóknarfrestur er til **17. ágúst nk.** Sótt er um starfið á hagvangur.is.

Nánari upplýsingar veita Inga S. Arnardóttir – inga@hagvangur.is og Sverrir Briem – sverrir@hagvangur.is



Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

hagvangur.is



Úrvinnslusjóður

Verkefnastjóri stafrænnar þróunar

Stafræn
þróun

Við leitum að öflugum verkefnastjóra til að leiða stafræna þróun hjá Úrvinnslusjóði. Framundan eru spennandi verkefni tengd tæknivæðingu og gagnavinnslu, Úrvinnslusjóður spilar mikilvægt hlutverk í að ýta undir endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.

Helstu verkefni

- Leiða stafræna þróun Úrvinnslusjóðs
- Þróa nýjar stafrænar lausnir og sjálfvirknivæða ferla
- Hagnýting gagna við stjórnun, þjónustu og afstemmingu milli kerfa
- Uppbygging og þróun á vöruhúsi gagna
- Innleiðing á skilvirkum og öruggum gagnasamskiptum við almenning og verktaka
- Umsjón með innri vef og upplýsingamiðlun meðal starfsmanna
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. tölvunarfræði eða verkfræði
- Viðtæk þekking og reynsla af upplýsingatækni, verkefnastjórnun og innleiðingu stafrænna lausna
- Þekking á uppbyggingu tölvukerfa og samskiptum þeirra á milli
- Reynsla af samstarfi við ráðgjafa og sérfræðinga í upplýsingatækni
- Hæfni til að miðla efni til starfsmanna og ytri aðila
- Lipurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt í töluðu sem rituðu máli

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrvinnslusjóður er ríkisstofnun sem sinnir umsýslu úrvinnslugjalds sem lagt er á vörur og ráðstöfun þess. Úrvinnslugjaldið er notað til að stuðla að sem mestri endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við verktaka um þessa verkþætti á grundvelli verksamninga.

Umsóknarfrestur er til og með **24. ágúst nk.** Sótt er um starfið á starfatorg.is, með umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefania Hildur Ásmundsdóttir, ráðgjafi, stefania@hagvangur.is.

hagvangur.is





Skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur

Héraðsdómur Reykjavíkur er stærsti dómstóll landsins með aðsetur á Lækjartorgi. Þar starfa nú um 50 manns, þar af eru 22 dómarar og fjölbreyttur hópur annarra sérhæfðra starfsmanna. Þau gildi sem dómstóllinn starfar eftir eru SJÁLFSTÆÐI – TRAUST – SKILVIRKNI og GÆÐI. Við höfum metnað til að mæta kröfum tímans um notkun rafrænna lausna til að auka skilvirkni og bæta þjónustu og á sama tíma tryggja réttláta og opinbera málsmeðferð. Nánari upplýsingar um starfsemi dómstólsins og stefnu dómstólasýslunnar má finna á heimasíðu dómstólanna, www.domstolar.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).

Héraðsdómur Reykjavíkur leitar að drifandi og metnaðarfullum skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri tekur þátt í að móta og framfylgja stefnu dómstólsins og annast daglegan rekstur hans í umboði og samstarfi við dómstjóra.

Verkefni skrifstofustjóra eru afar fjölbreytt og krefjast þekkingar og skilnings á rekstri dómstóla, hæfni í mannlegum samskiptum og mannauðsmálum og færni í rekstri og fjármálastjórn opinberra stofnana. Við leitum að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á starfsemi dómstóla og þeim gildum sem dómstólar starfa eftir og er reiðubúinn til að taka þátt í mótun verklags og vinnuumhverfis sem mætir kröfum um skilvirkni og gæði sem tryggir sjálfstæði og trúverðugleika dómstólsins.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu dómstólsins.
- Stjórnun mannauðs og yfirsýn yfir verkefnastöðu, verkaskiptingu og vellíðan starfsmanna.
- Þátttaka í stefnumótun og ábyrgð á eftirfylgni við stefnu dómstólsins.
- Ábyrgð á gerð og þróun verkferla.
- Ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og fjárfestinga.
- Samskipti og samstarf við dómstólasýsluna, aðra dómstóla og stjórnvöld varðandi málefni sem tengjast rekstri dómstólsins.

Hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lögfræði.
- Reynsla og/eða menntun á sviði stjórnunar sem nýtist í opinberum rekstri.
- Leiðtogaþæfni og færni í mannlegum samskiptum.
- Skilvirk vinnubrögð, yfirsýn og frumkvæði.
- Skilningur og færni í þróun og notkun rafrænna lausna.
- Færni í að tjá sig í töluðu og rituðu máli á íslensku, ensku og kostur er að umsækjandi hafi einnig tök á einu Norðurlandamáli.
- Þekking á starfsemi og rekstri dómstóla er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst nk.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

JVANTSPIJKER & PARTNERS
urbanism architecture research

JVST er arkitektastofa í Hollandi með höfuðsetur í Rotterdam. Teiknistofan er rekin af Jaakko van't Spijker og Orra Steinarssyni og hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir arkitektúr og borgarskipulag í Hollandi, á Íslandi og víðar erlendis. Vegna sterkar verkefnastöðu leitar JVST að öflugum einstaklingi sem fær það hlutverk að stofna, móta og leiða nýju arkitektastofu fyrirtækisins á Íslandi. www.jvantspijker.com

Skapandi stjórnandi arkitektastofu

Arkitektastofan **jvantspijker & partners** (JVST) leitar að skapandi stjórnanda til að leiða alþjóðlega hönnunarstofu á Íslandi. Fyrirtækið býður upp á metnaðarfullan starfsvettvang, öflugt tengslanet og spennandi framtíðartækifæri fyrir réttan aðila til að vaxa með félaginu.

Starfssvið

- Stefnumótun, þróun og uppbygging arkitektastofunnar á Íslandi.
- Umsjón og ábyrgð á öllum daglegum rekstri, s.s. fjármálum, verkefnastjórnun, húsnæði og tölvukerfi.
- Hönnun- og hönnunarstjórnun skipulags- og arkitektúrverkefna.
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN Í MEST LESNA DAGBLAÐI LANDSINS!*

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóstinn en inni í Fréttablaðinu en kynningarefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

46,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **25 - 80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5000** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



* Samkvæmt prentmælingum Gallup



IVY BEAU – kápa,
Stærðir 38-48
Verð kr. 17.980



ZE-ZE – Regnkápa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990



ZE-ZE PUNCH Peysuslá
Stærðir 38-48
Verð kr. 10.990



ES&SY – síðermabolur
Fæst líka í svörtu
Stærðir 36-46
Verð kr. 5.980



ES&SY – blússa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-46
Verð kr. 5.980

yesta
BY X-TWO

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



ZHENZI – Cinda tunika
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56,
Verð kr. 8.990



ZHENZI – Giro tunika
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990



ZHENZI – ELENI kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.990



SANDGAARD - Stockholm, síð skyrta
Fæst líka í svörtu og ljósbláu
Stærðir 36-54
Verð kr. 12.980



SANDGAARD- Luxembourg undirkjóll
Fæst líka í hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

SYBEL

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



GOZZIP – Maya gallajakki
Stærðir 38-56
Verð 15.980



STUDIO – Sophie Tunica
Stærðir 38-56
Verð 13.980



GOZZIP Johanne skyrtukjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð 15.980



STUDIO – Bianca kjóll
Stærðir 38-56
Verð 15.980



GOZZIP - Gitte basic hlýrakjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð kr. 8.980

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Stuttmynd sem dýpkar skilning á plötunni



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Ólafur Arnalds gaf nýverið út stuttmyndina *When We Are Born*, sem er nokkurs konar myndbirting af viðfangsefnunum sem hann fjallar um á nýjustu plötu sinni, *Some Kind of Peace*. Myndin er ókeypis á Íslandi, að minnsta kosti í bili.

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds gaf út stuttmyndina *When We Are Born*, í júlí, en myndin er viðbót við breiðskífuna *Some Kind of Peace*, frá síðasta ári. Samhliða útgáfu myndarinnar kom út smáskífa með lögunum úr myndinni, sem eru næstum öll af nýjustu breiðskífunni.

„Myndin er í raun og veru saga plötunnar og myndbirting af viðfangsefnunum sem ég er að kanna á plötunni,“ segir Ólafur. „Tónlistin er spiluð „live“ og hugmyndin var að venjulega þegar maður gefur út plötu fær maður tækifæri til að útskýra tónlistina sína á tónleikum, ekki endilega í orðum, en það myndast dýpri skilningur á tónlistinni þegar maður spilar hana fyrir framan fólk. Þetta var mín leið til að skapa þennan skilning núna þegar við erum búin að missa út tónleikahald.“

Tónlistarkonan Lhasa de Sela, sem lést árið 2010, er nokkurs konar sögumaður myndarinnar.

„Í myndinni er hljóðbrot af tónleikum með henni þar sem hún er að segja sögu af lagi eftir sig. Þetta hljóðbrot er líka í loklaginu á *Some Kind of Peace*,“ segir Ólafur. „Mér fannst það svo afgerandi góð útlistun á því sem ég var að hugsa þegar ég gerði plötuna, en hún fjallar smá um að endurfæðast í eigin lífi. Mér fannst hún koma þessu í betri orð en ég gæti.“

Ókeypis að horfa frá Íslandi

„Amazon Prime og Apple eru að dreifa stuttmyndinni, en það kom í ljós á útgáfudag að hvorugt fyrir-tækið gat dreift henni á Íslandi. Ég var ekki sáttur og Universal, sem framleiðir myndina, var mjög leitt yfir þessu,“ segir Ólafur. „Þannig að við gerðum svolitíð skítamix í samráði við Universal til að leyfa fólk á Íslandi að horfa á hana frítt, í bili að minnsta kosti, á YouTube. Ef maður opnar síðu myndarinnar frá íslensku IP-tölu lendir maður bara þar, í staðinn fyrir á síðu Amazon eða Apple.“

Myndin hefur fengið rosalega góð viðbrögð og umfjöllun, en það er frekar afmarkaður markaður fyrir svona myndir og ég er mjög



Stuttmyndin *When We Are Born* er tilraun Ólafs til að dýpka skilning fólks á tónlistinni á nýjustu plötunni hans, *Some Kind of Peace*, nú þegar það er hlé á tónleikahaldi.

MYND/ANNA MAGGÝ



Myndin verður sýnd á kvikmyndahátíðum í haust, meðal annars á RIFF.



Myndin hefur fengið mjög góð viðbrögð og dóma og salan hefur verið góð.

heppinn að hafa fengið að gera þetta með svona stórum aðila eins og Universal,“ segir Ólafur. „Við vorum með nokkrar forspýningar, aðallega á netinu, fyrir fjölmiðla og aðra og fengum æðisleg viðbrögð og hún virðist vera nokkuð mikið keypt á iTunes. Þetta virðist snerta fólk á góðan hátt.“

Verður á RIFF og fleiri hátíðum
Útgáfan hefur ekki verið auglýst mikið, en Ólafur segir að hugmyndin sé fara rólega af stað.

„Það er ætlunin að hafa svolitíð hæga útgáfu á þessu, en þetta er að fara í gang, ég var til dæmis í fjórum viðtölum ádan um myndina,“ segir hann. „Dreifingaraðilar hafa ráðlagt okkur að leyfa þessu bara að malla. En þetta hefur fengið meiri kynningu erlendis. Ég er hjá erlendu útgáfufyrirtæki og Ísland gleymist svolitíð hjá þeim. Ég kynni mig aðallega

sjálfur á Íslandi og ef ég er ekki í stuði til þess dettur það svolitíð upp fyrir.“

Svo eru kvikmyndahátíðir heldur ekki í gangi og þetta er mynd sem á best heima þar. Við höfum ekki getað sýnt hana á mörgum hátíðum, þeim hefur ýmist verið aflýst eða frestað eða verið bara á netinu, sem okkur finnst óspennandi,“ segir Ólafur. „En myndin er bókuð á nokkrar hátíðir í haust, meðal annars RIFF.“

Tvö mjög stór ný verkefni

Ólafur eyðir venjulega hluta ársins í Indónesíu, sem er orðið annað heimili hans.

„Það eru margar og sibreytilegar ástæður fyrir því. Upphaflega hafði ég mikinn áhuga á þessum stað og heimsótti hann oft, kom mér svo upp hljóðveri þar því mér fannst gott að semja þar og gaman að bjóða öðrum listamönnum

í heimsókn þangað til að vinna saman,“ segir hann. „Svo endaði ég með að kynnaðstærstunni minni þar, en hún ólst upp í Indónesíu, svo að núna er ástæðan líka að fara heim. Þetta er bara orðinn fastur hluti af lífinu.“

En Ólafur ætlar að vera á Íslandi næsta árið og hefur tekið að sér verkefni sem hann getur unnið héðan.

„Ég er nýbyrjaður að gera tónlistina fyrir tvo sjónvarpsþætti sem ég get ekki nefnt eins og staðan er, en annar er vísindaskáldsögusería og hinn er spennu-sería. Þetta eru bæði mjög stór og spennandi verkefni, annað fyrir Apple-streymisveituna og hitt fyrir AMC,“ segir Ólafur. „Ég hef ekki gert tónlist fyrir sjónvarpsþætti síðustu þrjú árin, ég tók mér hlé frá því til að einbeita mér að mínu efni. En ég er að reyna að koma mér aftur af stað og það er gott að hafa þetta núna þegar mig langar að vera á Íslandi.“

Bjó til nýtt hljóðfæri

Á plötunni *re:member*, sem Ólafur gaf út árið 2018, notaði hann nýtt tónlistarkerfi sem heitir *Stratus*. Það gengur út á að nota tvö sjálfspilandi píanó sem taka við skipunum frá píanói Ólafs. Þegar Ólafur slær nótu á sitt píanó skapar kerfið tvær ólíkar nótur sem hin píanóin spila, sem skapar nýstárlega og ófyrirsjáanlega hljóma. Kerfið var afrakstur tveggja ára vinnu í samstarfi við tónskáldið Halldór Eldjárn.

„Ég kalla þetta hljóðfæri. Mér finnst skilgreiningin á því vera eitthvert töl sem þú notar til að búa til hljóð sem eitthvað annað getur ekki, þó að þetta sé byggt á píanói og hugbúnaði,“ segir Ólafur. „En það sem við hönnuðum var í rauninni hugbúnaður fyrir sjálfspilandi píanó, sem gerir mér kleift að spila á þau í gegnum algörítma. Ég get spilað inn einhverja hljóma og þá svara píanóin mér með algörítmskum áferðum sem byggja á þessum hljóðum. Ég notaði þetta rosalega mikið á síðustu tveimur plötum.“

Heyrir hljóm sinn hafa áhrif

„Það er til hugbúnaðarútgáfa af þessu, þá geturðu notað þetta án þess að eiga tvö sjálfspilandi píanó heima hjá þér,“ segir Ólafur og hlær. „Við þurfum aðeins að breyta hugsuninni fyrir það, en við gerðum það í samstarfi við fyrirtækið Spitfire Audio, sem er eitt af stærstu fyrirtækjunum í þessum hugbúnaðarhljóðfæra-bransa. Þau hjálpuðu okkur að koma þessu inn í aðgengilegan pakka.“

Þetta er rosa vinsælt og ég er alltaf að heyra þetta í einhverjum heimildamyndum á Netflix núna,“ segir Ólafur og hlær. „Hljóðin mín heyrast víða. Ég er einmitt alltaf að hlusta á New York Times-hlaðvarpið *The Daily* og þemalagið þeirra er líka gert í þessu.“

Ég hef gert þetta nokkrum sinnum með Spitfire og er í rauninni að gefa hljóðin mín frá mér. Þetta er ferli til að sleppa tókunum. Þegar maður er búinn að nota það og allir eru byrjaðir að nota það þá get ég ekki notað það lengur. Það ýtir manni út í að finna upp á einhverju nýju,“ segir Ólafur. „Það er auðvitað líka bara gaman og uppörvandi að heyra hljóðinn manns hafa áhrif á aðra.“ ■

Þeir sem hafa áhuga á að horfa á stuttmyndina *When We Are Born* geta gert það með því að fara á síðuna www.somekindofpeace.com, smella á takkann „Watch the film“ og velja svo YouTube.

VEIÐIKORTIÐ
2021

Ertu búinn að fá þér Veidikortið?

Frelsi til að veida!

8.900 kr
Fæst hjá N1, OLÍ, veiðibúðum og veidikortid.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Nýr Renault Zoe 52 kWh með leðursætum. Drægni um 390 km. Vel útbúin bílar með 360° Myndavél ofl. Litir Svartur - Hvítur og Dökkgrár. Okkar verð aðeins 4.690.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Bókhald

*Accountant

Accountant ehf.
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
www.accountant.is

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málingarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 og 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir timar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



TILBOD

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



5 ÁRA
ÁBYRGÐ



Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER

NormX getur nú boðið vandaðar finnskar svalalokanir frá COVER. COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförunum árum.



Rammalaus, nútímaleg og falleg hönnun COVER glerbrautakerfisins eykur notkunargildi frá örfáum dögum á ári í heilsársnotkun. COVER verndar og heldur viðhaldi í lágmarki á því svæði sem það hylur.



Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Kassagítarar
á tilboði**

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Bækur

Sumarsmellur ársins!
Bók fyrir forvitin grunnskólabörn



Fæst í Penninn Eymundsson

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar



Ábendingahappinn
má finna á
BARNAHEILL.IS



SAFT IMHOPE



Vá hvað mig
langar í heitan
pott!

Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!



Sigurlaug 124.500 kr. Gvendarlaug 177.000 kr. Grettislaug 239.000 kr. Geirslaug 257.000 kr. Unnarlaug 285.000 kr. Snorrulaug 278.000 kr.

NORMX

Íslensk framleiðsla í 38 ár!

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR RÁÐGJÖF

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðapjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir
- fyrir smágröfur



Vertu vinnu okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóna og
snjósléðasæti. Húsbíllaklæðningar
og öll almenn bólstrun. Við erum
þekktir fyrir fljóta og góða
þjónustu. Skoðið video af vinnslu
á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp., Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

KRYDD

veitingahús

Restaurant & Bar
Hafnarfirði

SUMARTILBOÐ

Fjögurra rétta ósvissuferð fyrir tvo 9.990 kr



Hafa samband
Sími: 558-2222
krydd@kryddveitingahus.is

Strandgata 34
220 Hafnafjörður
kryddveitingahus.is

Aníta Hauksdóttir fékk krossara fyrir fram í ellefu ára afmælisgjöf og hafði prófað hann einu sinni þegar hún tók þátt í sinni fyrstu keppni. Nú á hún að baki nokkra Íslandsmeistararitla og fram undan er fyrsta rafmagnsmótorhjólakeppni heims þar sem hún keppir við afreksíþróttafólk frá öllum heiminum.

Mótorkross er sannkallað fjölskyldusport í tilfelli Anítu Hauksdóttur sem nú leiðir Íslandsmótið í Enduro og er önnur í stigum í Íslandsmótinu í mótorkrossi þegar ein keppni er eftir.

„Pabbi hefur verið mjög lengi í þessu sporti með einhverjum pásam og hann og mamma ákváðu að gefa mér hjól óvænt.“

Þegar Aníta var að verða ellefu ára gömul gáfu foreldrarnir henni óvænt mótorkrosshjól í fyrir fram afmælisgjöf. Þar með voru örlögin ráðin og Aníta í raun hent beint í djúpu lauginna þegar faðir hennar skráði hana í Speedway-keppni í Neskaupstað.

„Þar voru bara einhverjir strákar á skellinöðrum að keppa og ég hafði þá held ég prófað hjólið einu sinni. En ég tók þátt og ég skemmti mér konunglega og var ótrúlega ánægð með að hafa ekki verið síðust.“

Mér fannst þetta alltaf mjög skemmtilegt sport og þannig má segja að áhuginn hafi kviknað strax. Það leið svo ekki á löngu þar til mamma var komin á hjól líka orðin fertug og síung. Það gerði það að verkum að við gátum átt ótrúlega skemmtilegar stundir saman sem fjölskylda og eigum enn,“ útskýrir Aníta. „Foreldrar mínir náðu líka svolítið að halda mér á beinu brautinni með því að halda mér í þessu sporti og ég er svo þakklát fyrir það.“

Mótorhjóladelan bráðsmitandi

Síðan eru liðin rúmlega tuttugu ár og fjölskyldan stundar enn keppnir hér á landi og erlendis.

„Mamma og pabbi eru að taka þátt í Hardenduro-keppnum á borð við RedBull Romaniacs í Rúmeníu og við öll síðan á SeatoSky í Tyrklandi ef Covid leyfir. Fyrir Covid fórum við alltaf öll saman líka til Kaliforníu að hjóla og stundum að keppa en þar eigum við góða vini sem fara með okkur í alls konar ævintýri. Það er ómetanlegt að geta öll stundað sömu íþróttina svona lengi saman og átt svona góðar stundir saman. Þar að auki er svo ótrúlega skemmtilegt fólk í þessu sporti hérna heima sem verður hálfpartinn fjölskyldan manns.“

Ekki nóg með að foreldrarnir séu líka að keppa heldur hafa enn fleiri fjölskyldumeðlimir smitast af baktériunni. Aníta er í sambúð með Hafsteini Einarssyni og eiga þau saman soninn Heimi Adel, tveggja ára, og fyrir átti Aníta Taliu Björk, tíu ára. Í dag eiga allir fjölskyldumeðlimir mótorkjól.

„Það er sennilega erfitt að koma inn í fjölskylduna mína án þess að fá þessa mótorkjóladelu en það leið ekki á löngu eftir að við Hafsteinn byrjuðum saman þar til hann var komin á hjól. Hann er alveg með delluna eins og við hin og getur hjólað með okkur. Þannig að það er alveg óhætt að segja að við náum að dreifa hjólabaktériunni,“ segir Aníta og hlær.

Tveggja ára kominn á mótorkjól

Börnin tvö eru þar ekki undanskilin en dóttirin fékk sitt hjól þegar hún var að nálgast þriggja ára aldurinn. „Það var rafmagnshjól með hjálpardekkjum sem hægt var að stilla kraftinn á. Nú er hún bara komin á alvöru krosshjól og fer oftast á æfingu með ömmu sinni einu sinni í viku,“ segir Aníta og bendir á að barnastarfið í íþróttinni sé frábært.

„Það er mikil og góð þróun og lætur manni líða eins og þetta sé loksins orðin alvöru íþrótt – enda



Aníta segir það ómetanlegt að öll fjölskyldan geti stundað sömu íþróttina og það í fjölda ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mótorhjóladelan í fjölskyldunni



Björk Eidsdóttir bjork

@frettabladid.is

verða það yngri kynslóðirnar sem viðhalda þessu frábæra sporti eftir nokkur ár.“

Dóttirin æfir sig svo líka í bakgarðinum hjá afa sínum og gera þau saman tækniæfingar.

„Og núna loksins fékk stubburinn hann Heimir sitt fyrsta hjól – rafmagnshjól með hjálpardekkjum og hann er sko alveg sjúkur! Ég hugsa að hann myndi alveg flytja yfir til ömmu og afa ef hann fengi að ráða og vera á hjólinu öllum stundum.“

Konurnar orðnar öflugar

Aníta segir kynjaskiptinguna í íþróttinni hafa breyst mikið frá því hún byrjaði sjálf að keppa.

„Þá vorum við held ég bara einhverjar þrjár, fjórar stelpur og vorum látnar hjóla með 85cc stráka flokknum. Þannig var það eiginlega alveg ótrúlega lengi þar til að við vorum líklega bara orðnar af margar og á stórum hjólum í þokkabót þannig að loksins varð til kvennaflokkur.“

Í kringum 2007-2008 vorum við fullur flokkur, eða um 30 stelpur í sér flokki, að keppa til Íslandsmeistara. Svo hefur þetta farið svolítið upp og niður en núna virðist vera að fjölga aftur hjá okkur og það er svo frábært að sjá margar nýjar stelpur koma og taka þetta skref, að byrja að keppa. Þær eru orðnar ansi öflugar fljótt svo maður veit að flokkurinn verður bara skemmtilegri á komandi árum,“ segir Aníta sátt.

„Nú vantar bara að fá fleiri af þessum stelpum með í Enduro-íð en þar erum við bara í mesta lagi fimm að keppa og oftast ekki nema þrjár.“

Aníta segist ekki upplifa mótorkross sem karlasport enda sé mikill áhugi hjá kvenþjóðinni.

„Ég upplifi frekar að við hjálpum hver annari að komast áfram og læra meira.“

Barnshafandi í keppni

Aníta á að baki tvo Íslandsmeistararitla í mótorkrossi og þrjá í Enduro. Eins hefur hún þrisvar hlotið titilinn akstursíþróttakona ársins.

„Ég er samt sennilega tífaldir annars sætis meistari sem er ansi skondið. En ég náði líka að klára RedBull Romaniacs árið 2018 þegar ég var ófrísk að syni mínum Heimi. Ég er mjög ánægð með það afrek og auðvitað ráðfærði ég mig við lækni áður en ég tók þessa ákvörðun um að keppa komin átta, níu vikur á leið.“

Ég ældi aðeins inni á milli en náði að njóta mín á hjólinu og komst alla leið sem „finisher“. Mamma aftur á



Taliu Björk, dóttir Anítu, á æfingu í Bolöldu í fyrrasumar, þá níu ára.

MYND/ADSEND

Aníta hér í miðri keppni.

MYND/PEDROMYNDIR



Á verðlaunapalli með móður sinni, Theódóru, og Elvu Hjalmsdóttur, öðru sæti.

MYND/ADSEND

móti fötbrotnaði á degi tvö og þar skildu leiðir en við ætluðum að reyna að klára saman. En svo kláruðum við mamma brons-leiðina í SeaToSky árið 2019 sem er held ég mín uppáhalds minning.“

Keppir við heimsmeistara

Aníta undirbýr sig nú fyrir keppni sem haldin verður í mánuðinum á eyjunni Gotlandi við Svíþjóð. Um er að ræða fyrstu keppnina þar sem aðeins verður notast við rafmagnsmótorkrosshjól.

„Eingöngu 16 manns viðs vegar að úr heiminum fengu boð í keppnina en þetta hljómaði eiginlega of gott til að vera satt enda boðið upp á flug, gistingu og upphald og auðvitað myndu þau útvega hjól.“

Þegar ég fór svo að skoða keppnina komst ég að því að hinir 15 sem fengu boð eru rísa afreksíþróttamenn úr öllum áttum. Meðal annars verður þarna sexfaldir heimsmeistarar kvenna í mótorkrossi, tvöfaldir heimsmeistarar karla í Enduro, sjöfaldir Supermoto of Nations-meistarar, núverandi heimsmeistarar karla í downhill-fjallahjólreiðum og fleiri rísa nöfn.

Ég er ekki einu sinni nálægt því að vera í sama styrkleika og þessir keppendur en engu að síður er það bara rosalegt að fá að taka start með þessum hópi. Mig grunar að við höfum öll svipað litla reynslu af því að keyra rafmagnskrosshjól sem ég held að sé gjörólíkt venjulegum mótorkrosshjólum.“

Aníta segist ekki einu sinni vita hvort það sé kúpling og girar á þessum hjólum. „En við fáum æfingadaga á undan keppninni. Ég er ótrúlega spennit fyrir þessu og hæstánægð með að hafa fengið



Heimur, tveggja ára sonur Anítu, fékk nýverið sitt fyrsta hjól með hjálpardekkjum.

MYND/ADSEND

styrk frá Hreysti og Púkanum til að geta undirbúið mig almennilega. Það skiptir sköpum að hafa góða stuðningsaðila í svona dýru sporti en mamma og pabbi eru auðvitað aðal stuðningsaðilarnir.“

Lykilatriði að vera í dúndurformi


Aníta segir mótorkross og Enduro-æfingar tímafrekar og því æfi hún sig mikið á reiðhjólum líka.

„Ég reyni að komast á að minnsta kosti einhverja æfingu sex sinnum í viku, hvort sem það er að reiðhjól last eða í ræktina eða eitthvað með hokki-stelpunum,“ segir Aníta og útskýrir að hún hafi byrjað að æfa hokki í vetur og heillast af íþróttinni.

„En það er alveg algjört lykilatriði að vera í dúndurformi til þess að geta stundað þetta sport af alvöru og allar þessar íþróttir hjálpa mér með það. Margar vinkonur mínar eru farnar að spyrja mig hvort ég þurfi ekki að fara að hætta þessu en ég bara sé lífið ekki fyrir mér án mótorkross og Enduro enda varla þekkt annað meira en hálfá ævina. Ég fer bara í 30+ flokkinn næst – þegar þessar yngri fara að stinga mig af. Mamma nálgast jú sextugt og er samt hörku hjólari í 30+ flokknum.“

Hægt er að fylgjast með Anítu og keppninni á Instagram-reikningi hennar, anitah31. ■

EMBRACE CHAOS[®]



Ímyndaðu þér að vakna, tilbúinn í allt sem lífið hefur upp á að bjóða.

Svefn eykur lífsgæði þín. Hversu vel þú sefur ræður því hversu vakandi og tilbúinn þú ert fyrir það sem lífið býður upp á. Það er á vökutímanum sem þú sannreynir hversu vel þú hefur sofið.

Hästens framleiðir handsmíðuð rúm í hæsta gæðaflokki. Það sem þú finnur þegar gormar,

hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærri 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að góðum degi.

Hästens-upplifun er eins og hlýtt og notalegt faðmlag. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE[®] | HASTENS.COM



Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

**Betra
BAK**



Börkur Gunnarsson

Okkar elskulegi
efnafræðingur,
Vesturgötu 73,
verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni
miðvikudaginn 11. ágúst kl. 13.
Streymt verður frá athöfninni á slóðinni
<https://www.youtube.com/watch?v=HmohLaLKNuk>

María Jónsdóttir
Johanna Stumm
Gunnar Freyr Barkarson
Freyja Barkardóttir
Steinar Gunnarsson
Styrmir Gunnarsson
fjölskyldur og vinir.



Guðmundína Margrét Hermansdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Engjavöllum 10, Hafnarfirði,
varð bráðkvödd á heimili sínu
27. júlí. Útför hennar fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

Jón Benedikt Einarsson
Róbert Magnússon
Ósk Jónsdóttir
Einar Kristján Jónsson
Margrét Guðrún Jónsdóttir
Hermann Valdimar Jónsson
Magnús B. Þórðarson
Ingbjörg Theódóra Sigurðard.
og barnabörn.



Magnús Kjartan í góðum gir á sviðinu í Herjólfssdal þótt honum sárnaði í augum af reykt frá eldinum. Öllu var tjaldað til eftir því sem föng leyfðu.

MYNDIR/ÁSENDAR

Reyndi að vera afslappaður

Í fyrsta skipti í sögunni var brekkusöngurinn í Vestmannaeyjum fluttur fyrir auðri brekku í nánast manlausum Herjólfssdal. Hlutverkið kom í hlut Magnúsar Kjartans Eyjólfssonar.

gun@frettabladid.is

„Þetta var heljarinnar stuð,“ segir Magnús Kjartan Eyjólfsson tónlistarmaður um brekkusönginn sem hann flutti í Herjólfssdal síðasta sunnudag, þrátt fyrir að engir væru í brekkunni til að taka undir með honum, enda þjóðhátíðin slegin af. Reyndar kveðst hann hafa séð kindur lengst uppi í hlíðinni en jarm þeirra skilaði sér ekki heim í stofur landsmanna, öfugt við söng hans og gítarleik sem var sendur út beint úr dalnum.

bandinu, ballhljómsveit á Selfossi, og hef gert í tíu ár. Eins hef ég verið sex sinnum forsöngvari í „sléttusöng“, árlegum viðburði á Selfossi, þannig að ég hef gert þetta áður,“ upplýsir hann. Viðurkennir að það taki á að syngja svona aleinn lotulaust í klukkutíma, eins og á sviðinu í Herjólfssdal.

„Ég gaf bara allt í þetta, það þýddi ekkert annað. Það sem helst háði mér var það að reykin frá eldinum á sviðinu lagði upp í augun á mér á tímabili, ég gat ekki alltaf haft þau opin en svo var eldurinn færður.“ Ég hef orð á að hann hafi verið heppinn að kunna textana. „Ég kunní megnið af þeim en var þó með þá fyrir framan mig upp á að hlaupa ef ég týndi niður setningu en þurfti eiginlega ekkert á því að halda. Reyndi bara að vera afslappaður og þá rann þetta vel.“

Lögin síuðust inn

Magnús Kjartan kveðst hafa alist upp við söng. „Það var mikið sungið kringum mig þegar ég var ungur og svo sem alla tíð,“ segir hann – en hvaðan kemur honum helst söngroddin? „Góð spurning. Ætli ég hafi hana ekki frá mömmu? Hún er mjög góð söngkona og ein ástæða

þess að ég kann svona mörg lög er að þegar ég var sextán ára framhaldsskólalæmni vantaði mig pening. Mamma og páverandi maður hennar voru með árs-hátíðarhljómsveit, hann með hljómborð og hún að syngja, og ég fékk oft að spila með þeim. Þá síðast þetta efni inn.“

Athygli vakti að Magnús Kjartan sendi Sigu ástarjátningu af sviðinu. Það er auðvitað konan hans. Hann upplýsir að þau eigi samtals fjögur börn, þar af eitt saman. Aðspurður segir hann börnin alast upp við söng. „Það kemur mér alltaf á óvart hvað stelpurnar kunna mörg lög frá ýmsum tímum og þær syngja mikið.“

Tók undir með fyrirrennrum

Spurður hvort hann sé vanur að vera í brekkunni á þjóðhátíð í Eyjum svarar Magnús Kjartan: „Já, ég hef setið þar og held ég hafi tekið undir með öllum forsöngvurum, fyrst Árna Johnsen, svo Róbert Marshall og endaði á Ingó í hitt-eðfyrri. Eyjamennirnir Jarl og Sæþór sungu líka á sínum tíma, með Árna.“ Hann kveðst vona að hann hafi náð að stimpla sig inn í ár. „Það væri að minnsta kosti vöð gaman að gera þetta einhvern tíma aftur með fólk í brekkunni.“ ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson www.utfarin.is Johanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Mergættir, hlýja og virðing *Víð andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

+

Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Borgþór Sigurjónsson (Boggi)
Nestúni 6, Hvammstanga,
lést á Heilbrigðisstofnun Akraness þriðjudaginn 27. júlí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 12. ágúst kl. 13. Einnig verður streymt frá athöfninni á mbl.is/andlat. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Félag áhugafólks um Downs-heilkenni, www.downs.is.

Sylvía Marta Borgþórsdóttir
Rósa Karen Borgþórsdóttir
Kristín Björg Borgþórsdóttir
Sigríður Kling
barnabörn og barnabarnabörn.

Dagur Hilmarsson

+

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,
Sigurðar Björnssonar
Stóra-Lambhaga 3, Hvalfjarðarsveit.
Guð blessi ykkur öll.
Sólveig Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðsson
Björn Sigurðsson
Hrefna Guðjónsdóttir
Áslaug Ásmundsdóttir
afabörnin.

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingbjörg Erlingsdóttir (Imba)
Pósthússtræti 3, Reykjanesbæ,
lést sunnudaginn 1. ágúst eftir stutt veikindi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13.

Bjarni Þór Einarsson
Mekkin Bjarnadóttir
Einar Bjarnason
Erlingur Bjarnason
Magnús B. Matthíasson
Linda Sveinbjörnsdóttir
Ásta Ben Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Ólafur Þór Kristjánsson
lést á Sólteig, Hrafnistu, föstudaginn 30. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Kristján Geir Ólafsson
Þórdís Ólafsdóttir
Katrín Ólafsdóttir
Erla Björk Guðjónsdóttir
Aníta Rut Guðjónsdóttir
Snædís Sara Guðjónsdóttir
Ólafur Þór Ástvaldsson
Hilmir Steinn Ástvaldsson
og barnabarnabörn.

Ei Amm
Þorvaldur Friðrik Jónsson
Ástvaldur Jóhannesson
Kristmann Jónsson
Halldór Guðni Traustason
Breki B. Sigurgeirsson

Þetta gerðist: 7. ágúst 1727

Eldgos hófst í Örfafajökli

Örfafajökull tók að gjósa þennan dag árið 1727. Í frásögn af atburðinum eftir Jón Þorláksson, prest í Sandfelli í Örfæfum, stendur meðal annars: „Sjálfur jökullinn braust fram og bárust sumir jakarnir allt í sjó fram, en hinir stærri stóðu rétt við fjallsræturnar. Þessu næst fylltist loftið af eldi og ósku með óaflátanlegum brestum og braki; var askan svo þétt, að engi sást munur dags og nætur af myrkri því sem hún olli, hið eina ljós sem sást var bjarminn af eldi þeim, sem upp var kominn í 5 eða 6 fjallaskorum. Í 3 daga samfelld var Örfafasókn þjáð á þennan hátt með eldi, vatni og óskufalli. Þó er ekki létt að lýsa þessu eins og það var, því öll jörðin var svört af vikursandi, og ekki hættu-



Örfafajökull.
FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

laust að ganga úti sakir glóandi steina, sem rigndi úr loftinu, og báru sumir því fötur og kollur á höfðinu sér til hlífðar.“

Hinn 11. sama mánaðar tók ögn að rofa til í byggðinni en eldur og reykur stóð upp úr jöklinum. ■



Okkar ástkæra Lólo,
Ólöf Jóna Ólafsdóttir
Sólheimum 23,

andaðist á Vífilsstöðum 2. ágúst síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju miðvikudaginn 11. ágúst klukkan 13.

Streymt verður frá útförinni á www.sonik.is/olof

Aðstandendur



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Guðbjörg Hákonardóttir
Miðtúni 21, Reykjavík,

lést 27. júlí á líknardeild Landspítalans. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Hilmar Hafsteinsson
Eðvarð Hilmarsson Emma Hilmarsson Haj
Erla Björg Hilmarsson James Gordon Rice
Elisa Guðbjörg, Elín Eldey og Óðinn



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þóreyjar Skagfjörð Ólafsdóttir

Sérstakar þakkir fær starfsfólki á Viðihlið fyrir elskulegheit og góða umönnun.

Stefanía Þorsteinsdóttir
Kristín J. Þorsteinsdóttir
Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir
Ásdís Alda Þorsteinsdóttir
Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir
Gísli Pálsson
Kristinn F. Sigurharðarson
Rögnvaldur Ólafsson
Arni Þór Bjarnason
Sigurþór Guðmundsson
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Philippe Ricart

handverks- og listamaður,

verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 10. ágúst kl. 15.00. Vegna aðstæðna í samfélaginu munu aðeins nánustu ættingjar og vinir verða viðstaddir útförina en þeim sem vilja minnast Philippe er bent á styrktarsjóð Hjartadeildar 14EG á Landspítalanum.

Jóhanna Hálfðánsdóttir
Martha Ricart Andri Júlíusson
Finnur, Alda og Elmar



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gísli Jóna Ólafsdóttir

(Lina)

Sólvangi,

lést 31. júlí. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju fimmtudaginn 12. ágúst kl. 13.

Sigurvin Breiðfjörð
Guðfinnson
Gísli Rafn Guðfinnson
Edda Guðrún Guðfinnsdóttir
Magnús Ívar Guðfinnson
Birgir Guðfinnson
Dagfríður Guðrún Arnardóttir
Guðrún Soffía Björnsdóttir
Guðlaug Björk Karlsdóttir
og ömmubörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar mannsins míns, pabba okkar, tengdapabba og afa,

Gunnbjörnsson

húsasmiðameistara,

Hólahjalla 2, Kópavogi.

Starfsfólki heimahlynnningar Heru þökkum við innilega fyrir kærleika og hlýja umönnun.

Elinborg Sigvaldadóttir
Guðrún María Guðjónsdóttir
Elías Mikael Vagn Siggeirsson
Hafsteinn Örn Guðjónsson
Ragnheiður Elin Guðjónsdóttir
Þórey Elísabet Elíasdóttir



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Sigurður Ólafsson

fv. póst- og símstöðvarstjóri, Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Hraunvangi, Hafnarfirði, miðvikudaginn 4. ágúst 2021. Útförin fer fram frá Víðalínaskirkju kl. 15.00 þriðjudaginn 10. ágúst 2021.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsfélög.

Guðbjörg Þorleifsdóttir
Sigurborg Sigurðardóttir
Svanhvít Sigurðardóttir
Maria Sigurðardóttir
Halldór Ó. Sigurðsson
Þóra Sigurðardóttir
Ingvar E. Sigurðsson
Ljótur Ingason
Ragnar Jörundsson
Páll Sigurðsson
Margrét H. Hjaltested
Sigurður G. Jóhannsson
Edda Arnliótsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Hlín Guðbjartsdóttir

Sautjándajúnitorgi 7, Garðabæ,

lést á heimili sínu sunnudaginn 1. ágúst. Útförin fer fram frá Víðalínaskirkju fimmtudaginn 12. ágúst klukkan 13.00.

Vegna samkomutakmarkana verður athöfninni einnig streymt á mbl.is/andlat.

Erlendur Magnússon
Unnur Erlendsdóttir
Elin Erlendsdóttir
Laufey Stefánsdóttir
Guðbjartur Stefánsson
Jón Ingi Þorvaldsson
Kristmundur Davíð Ólafsson
Hilmar Finnur Binder
Anna Sigríður Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eigenmaður minn,
Hlödver Hallgrímsson
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,
lést miðvikudaginn 4. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði.
Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Númadóttir og fjölskylda.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Steinlaugar Sigurjónsdóttir
Vesturbergi 77.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Landspítala fyrir hlýhug og góða umönnun.

Anna Marie Georgsdóttir
Sigurjón Georgsson
Reynir Georgsson
Steindór Steinþórsson
Eyrún Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru,

Svölu Írisar Svavarsdóttur

Huldugili 6, Akureyri.

Útför fór fram í kyrrþey frá Glerárkirkju 30. júlí.

Fríðgeir Vilhjálmsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Eva Rut Fríðgeirsdóttir
Sandra Sif Fríðgeirsdóttir
Sigmar Ari Valdimarsson
barnabörn og systkini.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Ragnheiðar Þórarinsdóttur

sjúkraliða,

Túngötu 14, Eyrarbakka,

Sérstakar þakkir fær starfsfólki á deild 11-G á Landspítalanum fyrir þrotlausa baráttu og stuðning. Enn fremur systur í Rb. st. nr. 9 Þóru fyrir að skapa yndislega og virðulega umgjörð við útför Ragnheiðar.

Þórarinn Th. Ólafsson
Ágústa M. Þórarinsdóttir
Kristín Th. Þórarinsdóttir
Ólöf H. Þórarinsdóttir
Andrew Brydon
Egill Harðarson
Einar Espólin Storo



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Tordis Annie Kristjánsson

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 30. júlí.

Útför hennar fer fram frá Víkurkirkju í Vik í Mýrdal laugardaginn 14. ágúst klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni og hægt er að nálgast það á: www.mbl.is/andlat.

Magnús Kristjánsson
Einar Magnússon
Róbert Magnússon
Þórir Magnússon
Birna Viðarsdóttir
Ása Sigurdis Haraldsdóttir
Agnes Viðarsdóttir
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,


Sigurlaug Sigurjónsdóttir

Grænumörk 2, Selfossi, áður Reykjum á Skeiðum,

lést 1. ágúst á hjúkrunarheimilinu Fossheimum.

Jarðsungið verður frá Selfosskirkju miðvikudaginn 11. ágúst kl. 13.30. Jarðsett verður í Ólafsvallakirkjugarði að athöfn lokinni. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni promynd.is/sigurlaug

Börn hinnar látnu og fjölskyldur þeirra.



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist góðgæti sem brátt verður framleitt í fjölda íslenskra eldhúsa (14). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „7. ágúst“. ■



Sudoku

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
	5		2			3	1	

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6					5	
		3			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson


Furðuleg slemma

Í þessu faraldursástandi nota margir bridgespilakar tækifærið og spila heima-bridge. Það hefur stundum minni smitáhættu í för með sér en að mæta í spilasal, þó ekki sé mikil smithætta þar. Í heima-bridge geta sagnir orðið ansi fjörugar og einnig spilamennska. Það er oft minni áhætta að melda hressilega á spilin í heima-húsum, því oft þarf viðkomandi ekki að taka mikla ábyrgð á sögnum sínum. Þetta spil, sem kom fyrir í heima-bridge, er gott dæmi um það. Austur var gjafari og AV á hættu:

Norður	♠ G753	♥ K74	♦ Á97	♣ KG8
Vestur	♠ Á	♥ DG109632	♦ K4	♣ 1053
Austur	♠ D103	♥ Á10842	♦ 862	♣ 83
Suður	♠ D	♥ Á5	♦ D108532	♣ ÁD74

Austur vakti á hindrunarsögninni þremur spöðum. Suður var í vandræðum. Hann var vanur að nota sagnvenjuna "Leaping Michaels" (að segja fjóra á láglit lofaði sterkum spilum og 5+5+ í sögðum lit og hjarta). Suðri fannst spilin sín of góð til að segja pass og þurfti því að velja sögn. Hann ákvað að stökkva í fjögur grönd (lengd í báðum láglitum), frekar en að stökkva í fimm tígla. Dobl kom ekki til greina, því það lofaði vanalega lengd í hjarta. Norður var hrifinn af spilum sínum og valdi sögnina fimm grönd sem bað suður um að velja slemmu í láglit. Suður valdi eðlilega sex tígla, sem varð lokasamningurinn. Vestur hóf bjartsýnn leikinn á spaðaás, en sá sér til vonbrigða að tíglasinn var í blindum en ekki hjá sagnhafa. Hann spilaði hjarta í öðrum slag og sagnhafi, sem var ekki bjartsýnn, spilaði snögg. Vonandi var austur með blankan gosa í tígli og þess vegna var tígludrottningu spilað. Vestur vildi ekki gefa miklar upplýsingar með umhugsun og valdi lítið spil í stað þess að leggja á. Hugsanlega færir sagnhafi upp með ásin, ef umhugsunin væri engin. Sagnhafi setti að sjálfsögðu lítið spil og stóð svo spilið með því að spila tígli aftur. Vestur var skömmustulegur þegar hann sá gosa féлага. Vestri til varnar er betra að setja lítið spil, ef austur á 10xx. ■

Lausnarorð síðustu viku var SKRÍÐUKLAUSTUR



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur. ■

LÁRÉTT

- Af blómum þessum böf stafar að bjánum(11)
- Jarðar ensk meðal villtra sálna þessa heims (12)
- Stórstjarna þarf vörn gegn eigin útgeislun (7)
- Mári fer í Háskólann, þar sem amerískir frumbyggjar eru á fleti fyrir (9)
- Spilla fári með veirum (9)
- Uppnefnið Alli öfugsnúni fer ekki vel í hann (4)
- Best að brúka mjólkurmat ef dýfan á að vera köld (9)
- Það er hald þessa hóps að hann sé jafnoki hindúa (9)
- Afturelding hnýtur um fjórða tóninn (4)
- Gengur frá úr sér gengnum forngripum (8)
- Skrifa um málið og karpið sem því fylgir (8)
- Heyri dyn sem dregur fram blotann og barnið (7)
- Stöðluð mælieiningin gaf út plötur og seldi (7)
- Rannsaka reköld ákveðinna gleðipinna (8)
- Þykist góð með falskan sykurkeim (7)
- Er hægt að lifa án drauma? Og hvernig lif yrði það? (7)
- Minni vinnu milli staupsins og bollans (8)
- Launa hjálp þína með rónni (7)
- Borða blóm ef kven-dýrin eru á protum (8)
- Bilun gerir ákveðna menn falska (9)
- Sigga stóra sá stolt hjú og göfug (6)
- Borga tvær kollur fyrir kvígu (7)
- Hagur fugl með fantasiu (9)
- Eim sá fyllir og des-hús með (6)
- Hvort gildir, notkunin eða eyðileggingin? (7)
- Má starfsmaður keppa með fulltrúum nemenda? (9)
- Þessi foss gæti eins heitið Flautabyrill (6)
- Ríða bauna rífur í hornin (7)

LÓDRÉTT

- Létt og kát lögðu lifleg í gröfina (9)
- Hvika hvorki frá bræð-inni né bókstafnum (9)
- Í mínum húsum hvíla margir hópar en kaupskapurinn gengur greitt (9)
- Jökulsigling undan vindi tryggir að okkar mál tekur sprett (9)
- Tilvera fjölda fólks ræðst af heildarþunga þess (8)
- Horuð bæði og hnuggin/hold við lendar rýrt (8)
- Völdum horn með baulum og blómum (8)
- Þau koma utan af oddum Álfsta og Seltjarnar (9)
- Mig klæjar sist í kauninu á kuldatiðinni (7)
- Með assgoti hressit hreindýr í sigtinu (11)
- Parf slétta undirstöðu og innlegg fyrir þennan mann (7)
- Vesæl vill að hestar hafi hárfinar fléttur (7)
- Ramba á leiðsögu-mann sem þolir ekki kollegana (7)
- Taldi saur sist verri en burstað stál (6)
- Fluga sagði Unni upp vegna smitsjúkdóms (9)
- Sæki elg og önnur vel þegin dýr og villt (7)
- Vinur margsnúinna vísbendinga ræður þessa (7)
- Silfur, ál, gull og brennisteinn eru laus við raka og reglu (7)
- Segir leikþáttinn full-komlega eðlilegan (10)
- Runnarnir verða aldrei hærri en greinarnar leyfa (10)
- Fljót umvefja viðar-auka (8)
- Geri gat á gungu (7)
- Sögur um gengin gengin (7)
- Fanga hinn eitursvala gust (7)
- Hefur Ægir verið með heitar samlokur? (6)
- Þörungur hylja þjálán málm – en hvað með steinefnin? (6)
- Geymi skúr í kofa (4)
- Hanna plög fyrir ruglu-dall (4)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Tengdadóttirin eftir Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Birna Steingrimsdóttir, Hafnarfirði**.



„Ég kem með gönguskóna“

Brandenburg | s/a

Komdu með í ferðalag!

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND
**KOMDU
MEÐ**

19%

Electrolux

Pvottavél
EW6S427W
1200 sn., 7 kg.
LCD skjár
58-77 dB.
1805436



64.990 kr
~~79.990~~ kr

12%

Electrolux

Purrari
EW2H328R2
8 kg, 118 ltr.
Orkuflokkur A+
1835646



84.990 kr
~~96.995~~ kr

Vefverslun
Sendum
um land allt



husa.is

25%



HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél 12V DS12DA (2.5)
2 stk., 2.5Ah rafhlöður, hærsla
38Nm, kemur í HSC tösku. 5247032

24.370 kr
~~32.495~~ kr

40%



BLACK+DECKER

Höggborvél
+ 40 fylgihlutir
750W, í tösku. 5246034

10.797 kr
~~17.995~~ kr

25%



NEO

Verkfæraskápur
7 skúffur, 103 cm x 63 x 46 cm,
burðageta 280 kg. 5024495

38.995 kr
~~51.995~~ kr

30%



Slípirokkur
900W, 125 mm.
5245375

8.816 kr
~~12.995~~ kr

40%



NEO

Topplyklasett
25 stk., 1/2", 10-32 mm,
72T skrall. 5052568

7.797 kr
~~12.995~~ kr

40%



claber

Slönguhjólasett
Balcony, 10 m slanga og byssa og tengi.
5081700

3.459 kr
~~5.765~~ kr

Gleðilega

HINSEGIN
DAGA

fögnum fjölbreytileikanum
ALLA daga


blómaval

Pottaplöntu-
veisla

20-50%
afsláttur

26%

Orkidea
12 cm pottur. 11325000
1.990 kr
~~2.690~~ kr



33%

Rifblaðka / Monstera
13 cm pottur. 11328481

1.990 kr
~~2.990~~ kr



50%

Benjamínfíkus
11,5 cm pottur. 11328329

990 kr
~~1.990~~ kr



26%

Sómakólfur
12 cm pottur. 11328264

1.990 kr
~~2.690~~ kr





blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

HÚSASMÍÐJU DAGAR

Sjáðu rísa netblað á husa.is




20% afsláttur
Nilfisk háprýstidælur



20% afsláttur
LADY innimálning





20% afsláttur
Pallaolía og pallahreinsir



20% afsláttur
Jotun útimálning



22%

REGINOX
Eldhúsvaskur
New York. Gun Metal,
500x400x19. 8032776

64.990 kr
~~87.145 kr~~





31%

FERRO
Sturtusett
Rondo. Með skipti,
svart. 7810205

14.990 kr
~~22.035 kr~~



12%

OUTBACK
Gasgrill Graphite 3b
56x38 cm, 3 ryðfrír brennarar
og hliðarbrennari. 3000390

34.990 kr
~~42.435 kr~~



28%

Garðsett Hraun W12048
Grind úr stáli. 2stólar, 1 Bekkur. 1 borð
81x41.5x37. 3899573

28.990 kr
~~39.990 kr~~



25% afsláttur
Orthex plastbox



20%

JOTUN
Vegg&Tak
Hentar bæði á
loft og vegg.
Auðveld í notkun,
þekur vel. 9 lítrar.
7119784

7.996 kr
~~9.995 kr~~





29%

Electrolux
Kælir/frystir
186 cm svartur.
1860710

119.990 kr
~~160.990 kr~~



25% afsláttur
Berjatínsluvörur

DREAMWORKS
STUBBUR STJÓRI
FJÖLSKYLDUBRANSINN

KOMIN Í BÍÓ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

BORGARBÍÓ HÁSHÓLABÍÓ LAUGARÁS BÍÓ
ÁLFABAKKI SAMBÍÓ AKUREYRI SAMBÍÓ EGILSHÖLL SMÁRA BÍÓ

LENGJU DEILDIN


ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLT

LENGJUDEILDARMÖRKIN
MÁNUDAGA KL. 20.00

Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í leikjum Lengjudeildar Karla í knattspyrnu.

HRINGBRAUT

Veðurspá Laugardagur



